

Við öllu búin

Stærsta ferðahelgi ársins er gengin í garð. Björgunarsveitirnar standa vaktina sem endranær. Þær biðla til landsmanna að fara varlega. ➔16



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Vill standa vörð um Strandir Hvalárvirkjun snertir alla þjóðina. ➔ 20



Ólafía Þórunn Nærmynd af fremsta kylfingi landsins. ➔22



Rafbílavæðingin Orðum þurfa að fylgja gjörðir. ➔6




Opið alla verslunarmannahelgina
frá kl. 8–24 í Lyfju Lág múla og Smáratorgi

19.990 kr.

Samsung Galaxy S8 síma.

www.lyfja.is

Veður



Í dag er spáð hægum vindi eða hafgolu. Eitthvað lætur sólin sjá sig, en áfram eru líkur á skúrum, einkum síðdegis til landsins. **SJÁ SÍÐU 30**



Kísilver United Silicon í Helgúvík.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vilja ekki tjá sig um greiðsluna

VIÐSKIPTI Hvorki forsvarsmenn verktafyrirtækisins Íslenskra aðalverktaka (ÍAV) né kísilvers United Silicon í Helgúvík vilja tjá sig um hvort kísilverið sé búid að greiða ÍAV rúman einn milljarð króna í samræmi við niðurstöðu gerðardóms. Fresturinn til þess að ganga frá greiðslunni rann út á fimmtudag.

Fréttablaðið hefur ekki fengið staðfest hvort ÍAV hafi borist greiðsla. Er málið sagt á afar viðkvæmu stigi.

Þriggja manna gerðardómur komst að þeirri niðurstöðu að United Silicon þyrfti að greiða ÍAV rúman einn milljarð króna vegna ógreiddra reikninga. Upphafleg krafa ÍAV hljóðaði upp á rúma tvo milljarða auk dráttarvaxta, en þar af námu reikningar vegna framkvæmda við verksmiðjuna 1,1 milljarði króna. ÍAV var aðalverktaki kísilversins, en starfsmenn þess lögðu niður störf í Helgúvík í júlí í fyrra. – **kj**

Hálf milljón í styrk fyrir gæslu

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarráð Akureyrar hefur samþykkt að veita hálfar milljón króna styrk vegna aukins viðbúnaðar á tjaldsvæðum bæjarins nú um verslunarmannahelgina.

Þá verður skipaður fulltrúi bæjarins til samráðs og samstarfs um framkvæmd gæslunnar. Styrkurinn er sagður háður því skilyrði að kalla þurfi til aukamannskap vegna aukins viðbúnaðar. – **gar**

Fyllt á við Norðlingaholt



Þyrstir ferðalangar kíktu við í Norðlingaholti á leið sinni út úr bænum en í hverfinu eru tvær bensinstöðvar en engin verslun. Yfir 15 þúsund bílar fóru um Sandskeið og 13 þúsund keyrðu fram hjá Kjalarnesi í gær á leið sinni í langa helgi. ÁTVR gerði ráð fyrir að um 800 þúsund litrar af áfengi myndu seljast um helgina. Þorstinn var því víða í gær, bæði í bensintönkum og hjá landsmönnum eins og sjá má. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Ólafur kominn í nýtt starf

SAMFÉLAG Ólafur Arnarson, fyrrverandi formaður Neytendasamtakanna, hefur verið ráðgjafi stjórnar Samtaka fiskframleiðenda og útflutningsfyrirtækja (SFÚ).

Rétt tæpur mánuður er liðinn frá því að Ólafur sagði af sér sem formaður Neytendasamtakanna eftir ágreining innan stjórnar samtakanna. Stjórnin lýsti yfir vantrausti á hann þar sem hún taldi hann hafa farið óvarlega með fé. Hann sagði af sér 10. júlí síðastliðinn en fyrsta frétt sem hann er skráður fyrir og birtist á heimasíðu SFÚ var 18. júlí. – **joe**



Ólafur Arnarson er nú ráðgjafi stjórnar SFÚ

Vill að verslunarmenn hætti að vinna á frídegi

Formaður VR telur það sorglega þróun hve margir verslunarmenn vinna á frídegi verslunarmanna. Hann vill reyna að finna lausnir til að verslunarfólk fái frí og segist ætla að koma með hugmyndir fyrir næstu kjarasamninga.

KJARAMÁL „Þetta er að mínu mati dapurleg þróun. Álag á verslunarmenn er mjög mikið. Þetta eru langir vinnudagar. Grunnhugmyndin upprunalega árið 1894 var frídagur verslunarmanna. Mér hefur alltaf fundist sárt að horfa upp á það hve margir eru að vinna á þessum degi sem ættu að vera í fríi,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

Á mánudaginn rennur upp frídagur verslunarmanna og er þessi helgi stærsta ferðahelgi ársins. Sökum anna hjá verslunum eru margir verslunarmenn við störf um helgina og á mánudag.

Ragnar vill reyna að finna einhverjar lausnir svo verslunarfólk fái eitthvert frí og einhverja hvíld gegn vinnu á þessum degi. Hann segist ætla að reyna að koma með hugmyndir í þá áttina fyrir næstu kjarasamninga.

„Miðað við breyttar aðstæður á smásölumarkaði og kröfuna um að komast í búð öllum stundum velti ég fyrir mér hvort hægt sé að finna leiðir til að fólk ávinni sér auka frídag fyrir vinnu á þessum degi. Að það fái einhvers konar frí á móti,“ segir Ragnar.

„Mér finnst vera skylda okkar hjá VR að leita allra leiða til að fara aftur í grunninn og reyna að koma með ein-



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, vill veita auka frídag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

hverjar hugmyndir fyrir næstu kjarasamninga til þess fyrst og fremst að tryggja að fólk fái frí sitt, annaðhvort mánudaginn eftir eða sem viðbót við aðra orlofsdaga.

Fleiri hugmyndir eru vel þegar af því að við erum að þróast í þá átt að smásöluverslun er að breytast alveg gríðarlega og við þurfum auðvitað líka að þróa okkur. Það eru hlutir

sem hafa verið einhverjar hefðir fyrir en eru barn síns tíma þegar lengra sækir. Þessi frídagur hefur þróast mjög mikið. Þróast í að verða stærsta ferðahátíð ársins með tilheyrandi hátíðahöldum,“ segir Ragnar.

Aðrir formenn hafa þreifað fyrir sér með svona hugmyndum og vill Ragnar Þór halda þeim á lofti. saeunn@frettabladid.is

Ú
ÚRVAL ÚTSÝN

5.-18. OKTÓBER

THAILAND

13 daga ferð á framandi slóðir, sem hentar fjölskyldum með börn. **MIKIÐ INNIFALIÐ.**

FRÁ 299.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fulloröna.

NÁNAR Á UU.IS

ICELANDAIR
THAI

Öll JOTUN inni- og útimálning pallaolía og viðarvörn. BLÖNDUM ALLA LITI.



Þitt með fyrirvara um prentvillur og myndavél. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



25% afsláttur



DEWALT
DeWalt
verkfæri
**25%
afsláttur**
ATH! DeWalt veltisög
er á 15% afslætti

HITACHI
Inspire the Next
Öll Hitachi
verkfæri
**25%
afsláttur**

Afgreiðslutími um Verslunarmannahelgina

Laugardagur 5. ágúst
Hefðbundin afgreiðslutími

Lokað í vestmannaeyjum

Sunnudagur 6. ágúst
Opð í Skútuvogi frá kl 11:00 - 17:00

Aðrar verslanir eru lokaðar.

Mánudagurinn 7. ágúst

Allar verslanir lokaðar

Sjá aðra afgreiðslutíma á
www.husa.is

MSpa uppblásnir
rafmagns nuddpottar.
Fánlegir 4-6 manna.

Verð frá

66.895kr



- 4 manna
 - 180 x 70cm
 - 118 nuddstútar
 - Þyngd 22 kg (tómur).
 - Hitar í 42 C°
- Vnr. 8089100

PVC dúklok
fylgir

SUMMAR ÚTSALAN



Sumarútsölnunni lýkur um helgina - Síðustu dagar

**50%
afsláttur**

Öll sumarblóm og trjáplöntur
ENN MEIRI AFSLÁTTUR



TÖLUR VIKUNNAR 30.07.2017 – 5.08.2017



Þrjú í fréttum Kjólamynd, kæra og snemmbúin afmælisveisla

Björt Ólafsdóttir

umhverfis- og auðlindaráðherra vakti athygli þegar ljósmynd af henni þar sem hún sat fyrir í þingsal í kjól frá tiskuvörumerkinu Galvan London birtist á samfélagsmiðlum. Hún braut ekki reglur Alþingis með þessu en segist hafa sýnt dómgreindarleysi.



Aðalheiður Héðinsdóttir

stjórnarformaður Kaffitárs

greindi frá því að stjórnendur Kaffitárs hefðu aftur kært Isavia til úrskurðarnefndar um upplýsingamál vegna synjunar ríkisfyrirtækisins á að afhenda gögn um forval fyrirtækisins vegna útleigu á veitingarými í Leifstöð sem lauk í september 2014.



Haniye Malekym

flóttamaður frá Afganistan

hélt upp á tólf ára afmæli sitt í vikunni þrátt fyrir að afmælisdagur hennar sé í október. Ástæða þess er að hún vildi halda upp á afmælið sitt hér á landi en vísa á henni og föður hennar úr landi á næstunni. Töluverður fjöldi mætti í afmælið og fékk Haniye afmæliskeðju frá forseta Íslands. Hún hefur búið hér á landi með föður sínum frá því í desember og hefur eignast fjölda vina sem mættu til veislunnar.



Umferðin gekk að mestu vel

Margir voru á flakki vegna verslunarmannahelgarinnar og komust flestir klakklaust á áfangastað. Fjögur umferðarslys voru tilkynnt til Neyðarlínunnar í gær. Umtalaðasta ferja landsins sigldi á milli nýrra staða.

SAMGÖNGUR Ein umferðarþyngsta helgi ársins hófst í gær. Umferðin gekk stórslysalaus fyrir sig en betur fór en á horfðist í fyrstu í fjórum tilfellum.

Fólksbíll og olíuflutningabifreið skullu saman skammt frá Sólheimasandi í gærmorgun og þá varð árekstur norðan við Hvalfjarðargöng skömmu eftir hádegi. Á þriðja tím-

anum valt bíll við Hvolsvöll og undir kvöld valt bíll í Hestfirði á Vestfjörðum. Engin alvarleg slys urðu á fólki.

Siglingar á Akranesinu til Vestmannaeyja gengu mjög vel í gær. „Þetta er bara draumur í dós,“ sagði Guðmundur Haraldsson, skipstjóri á Akranesi, þegar Fréttablaðið náði til af honum í gær. Þá var skipið að fara í þriðju ferð sína. Guðmundur

tók þrjátíu manns í fyrstu ferð og bjóst við svipuðu í framhaldinu.

Akranesið er eitt umtalaðasta fley vikunnar eftir að Samgöngustofa hafnaði beiðni Eimskips um að fá að sigla skipinu milli lands og Eyja um helgina. Eins og kunnugt er sneri ráðherra samgöngumála ákvörðuninni við. Guðmundur skilur ekkert í afstöðu Samgöngustofu. „Skipið

sigldi hérna yfir hafid frá Noregi og gekk bara ljómandi vel og hefur siglt frá Akranesi til Reykjavíkur án vandræða,“ segir hann.

Ráðgert er að Akranesi sigli tvær ferðir í dag, tvær á morgun og níu á mánudaginn. Siglingar skipsins eru viðbót við siglingar Herjólfs sem siglir venju samkvæmt um helgina. johnnoli@frettabladid.is



Lögreglan er með öflugt umferðareftirlit á landinu, meðal annars með aðstoð Landhelgisgæslunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN



Samgönguráðherra stígur hér á land af Akranesferjunni sem kom til Vestmannaeyja í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR FRÍDRIKSSON



Lögreglan athugar hraðann á ökuhöfnum í nágrenni Flúða þar sem búist er við allt að tíu þúsund manns.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN



KRÝSUVÍK

AÐALFUNDUR KRÝSUVÍKURSAMTAKANNA

Aðalfundur Krýsuvíkursamtakanna, verður haldinn í Guðríðarkirkju, þriðjudaginn 22. ágúst 2017 kl. 17.00.

Dagskrá :

1. Formaður setur fund og skipar fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Skýrsla rekstrarstjórnar
4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram
5. Fyrirspurnir og umræður um reikninga og skýrslur
6. Önnur mál

Stjórnin

Partískúta siglir jómfrúarferð

SAMFÉLAG Skútan Amelia Rose mun sigla sína jómfrúarferð í kvöld. „Við erum að plana laugardagsferðir hér í kringum Reykjavíkurhöfnina og þetta er jómfrúarferðin,“ segir Valþór Ólason sem sér um markaðsmál í kringum skútuna.

Jómfrúarferðin hefst með diskóballi. „Dabbi Diskó verður að spila í kvöld. Siglt er í um fjórtíu mínútur og svo er tveggja tíma kokteill um borð og léttar veitingar, svo siglum við inn í höfnina og þá er smá flugeldasýning í höfninni rétt fyrir miðnætti. Síðan leggjum við fyrir utan Bryggjuna Brugghús og förum þar inn,“ segir Valþór.

„Við erum að byrja að markaðssetja bátinn og þetta er hluti af því,“ segir Valþór. En báturinn mun geta boðið ferðir fyrir ferðamenn eða íslensk fyrirtæki svo eitthvað sé nefnt.

Amelia Rose er í raun frægur bátur en Hollywood myndin In the blink of an eye sem kom út árið 2009 og



Skútan sem er 108 fet liggur nú í Reykjavíkurhöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/LAUFEY


skartar Eric Roberts í aðalhlutverki var tekin upp í skútunni og gerist stór hluti myndarinnar á henni.

„Þetta er 108 feta skúta á þremur hæðum með tíu tveggja manna káetum, þetta er fljótandi hótél,“ segir Valþór. Verið að gera káeturnar upp og því byrjad á að bjóða upp á viðburði í efri hlutanum. Ljóst er að

möguleikar eru þó til að nýta skútuna í lengri ferðir kringum landið þar sem boðið er upp á gistingu.

Ekki er búið að negla niður hversu oft ferðir verða í boði. „Við ætlum að láta landið stjórna því, hvernig þetta verður sótt og annað,“ segir Valþór. saeunn@frettabladid.is

MAGNAÐUR JUSSI!



VILDARVERÐ:
3.100.-

Verð:
3.899.-



„Jussi skrifar af fitonskrafti og enginn stendur honum á sporði í þeirri list að flétta alla sögupræðina saman.“

Dagbladens Bureau



„Jussi spilar sem fyrr af listfengi á marga strengi. Norrænn krimmi af bestu gerð.“

Jyllands-Posten



„Afætur er fyrst og fremst spennusaga en einnig satíra; ég hef sjaldan eða aldrei lesið glæpa-sögu sem hefur kætt mig jafn mikið.“

Krimifan




Camille
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.

Ágúst
BÓK
MÁNAÐARINS



Stormarnir og stillan
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.899.-



Stúlkán á undan
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.899.-



Hvít fiðrildi
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.899.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Gildistími vildarverða er til og með 8. ágúst eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Iceland opnar í stærra rými

VIÐSKIPTI Verslun 10-11 á Akureyri verður lokað í haust. Í stað hennar verður verslun Iceland opnuð og verslunarrýmið stækkað. Þetta segir Árni Pétur Jónsson, forstjóri Basko, í samtali við Fréttablaðið. Basko er eignarhaldsfélag sem rekur báðar verslanir ásamt Dunkin Donuts. „Ég hugsa að það verði ekki fyrir en í október eða nóvember,“ segir Árni Pétur um nánari tímasetningar á breytingunum. Verslun 10-11 í Glæsibæ var á dögnum breytt í Iceland. – jhh

Alterra lækkar afkomuspá sína

VIÐSKIPTI Kanadíska orkufélagið Alterra Power hefur lækkað afkomuspá sína í kjölfar þess að fjárfestastjódurinn ORK, sem er að mestu í eigu íslenskra lífeyrissjóða, tók yfir 12,7 prósent hlut félagsins í HS Orku. Stjórnendur félagsins gera nú ráð fyrir að tekjur þess verði 4,5 prósentum lægri en áður var búist við, eða 86,5 milljónir dala, og 8,5 prósentum lægri á næsta ári.

Þá býst Alterra við því að EBITDA-hagnaður, afkoma fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir, verði fjórum prósentum lægri á þessu ári en áður var gert ráð fyrir, eða 47,2 milljónir dala, og rúmlega átta prósentum lægri á næsta ári. Eftir áður nefnda yfirtöku ORK á Alterra 53,9 prósent hlut í HS Orku, en íslenskir lífeyrissjóðir, í gegnum ORK og félagið Jarðvarma, eiga 46,1 prósent. – kj

Klaki til að kæla



Súmöturutigur í dýragarði í Rómaborg gæðir sér á klaka til að kæla sig niður. Hitabylgja gengur nú yfir suðurhluta Evrópu og Balkanskagann. Í gær mældist hiti hæst 45°C. Íbúar voru hvattir til að halda sig innandyrta til að forðast hitann. Þrátt fyrir það var hann nánast óbærilegur. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Myndi leiða til hækkunar

LANDBÚNAÐUR Samkeppniseftirlitið telur að hugmyndir sláturleyfishafa um að standa saman að útlutningi kindakjöts séu til þess fallnar að raska samkeppni með afar alvarlegum hætti. Með slíku samstarfi yrðu sköpuð skilyrði til þess að verð til íslenskra neytenda hækkir og valdi þeim þar með tjóni.

Markaðsráð kindakjöts sótti um undanþágubeiðni frá samkeppnislögum vegna umrædds samstarfs. Þeirri beiðni hafnaði Samkeppniseftirlitið, eins og Fréttablaðið greindi frá í gær.

Eftirlitið segir í bréfi til Markaðsráðsins að í hugmyndum ráðsins felist að sláturleyfishafar komi sér saman um að takmarka framboð af lambakjöti sem fer á markað hér á landi með því að skuldbinda sig til þess að flytja árlega út samtals 35 prósent af framleiðdu lambakjöti. Slíkt samstillt átak um að draga úr framboði myndi fyrst og fremst leiða



Samkeppniseftirlitið hafnaði undanþágubeiðni Markaðsráðs kindakjöt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

til herra verðs á kjöti fyrir íslenska neytendur, að mati Samkeppniseftirlitsins.

Eftirlitið bendir auk þess á að undirbúningi málsins af hálfu Markaðsráðs hafi verið verulega ábótavant. Þannig hafi ráðið til dæmis ekki lagt neitt mat á hvaða áhrif aðgerðirnar hefðu á verð til neytenda. – kj

Dollarinn tekið dýfu í forsetatíð Donalds Trump

BANDARÍKIN Frá því að Donald Trump Bandaríkjaforseti sór embættiseið í janúar hefur gengi Bandaríkjadals lækkað verulega. Á miðvikudaginn náði dollarinn fimmtán mánaða lægð samtímis því að Dow Jones hlutabréfavisitalan náði methæð.

CNN greinir frá því að gengi Bandaríkjadals hafi lækkað frá því að Trump var kosinn og þar til hann tók við embætti og náð meðal annars 14 ára hæð þegar útlit var fyrir að Trump myndi lækka fyrirtækjaskatta og ýta undir hagvöxt. Búist var við að Trump og bandaríska þingið myndu hafa þau áhrif að



bandaríski seðlabankinn lækkaði stýrivexti hraðar en áður.

Trump hefur hins vegar ekki náð mörgum stefnumálum sínum í gegn á fyrstu sex mánuðum í embætti. Einnig hefur hagvöxtur í Evrópu haft neikvæð áhrif á þróun gengis Bandaríkjadals. Dollaravisitalan þar sem dollarinn er borinn saman við aðrar helstu myntir heimsins hefur lækkað um tju prósent síðan í byrjun janúar. Gengið hefur lækkað í hverjum mánuði fimm mánuði í röð og hefur slíkt ekki gerst síðan árið 2011.

– sg

Langskynsamlegast að breyta bílaflotanum

Ísland er kjörinn staður til þess að umbreyta bílaflotanum í rafbíla. Stjórnvöld þurfa hins vegar að taka virkan þátt og byggja upp innviði fyrir nýju bílana. Nú þegar eru fimm rafknúnir strætisvagnar á leið til landsins og rúta er komin.

SAMGÖNGUR Hvergi er skynsamlegra að umbreyta bílaflotanum en á Íslandi, segir Bjarni Már Júlíusson, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar. „Við erum með 100 prósent endurnýtanlega orku og 70-80 prósent af þjóðinni býr á afmörkuðum stað sem hentar vel fyrir rafbilavæðingu,“ bætir hann við.

Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra sagði fyrir í vikunni að vænta mætti að búið yrði að rafbilavæða íslenska bílaflotanum árið 2030. Bjarni segir að það gerist ekki af sjálfu sér. Til þess að árangur náist í þessum efnum þurfi stjórnvöld að stuðla að uppbyggingu hraðhleðslustöðva á landsbyggðinni.

„Í þessum þéttbýliskjörnum getur þetta komið í staðinn fyrir bensinstöðvar. En fólk kaupir sér ekki bíla af því að hleðslustöðvar eru ekki úti á landi. Og þetta er ekki úti á landi af því að það er enginn business í þessu,“ segir Bjarni.

Hann segir að stjórnvöld þurfi því að láta gjörðir fylgja orðum og tryggja að meira fé verði varið úr orkusjóði til að byggja upp innviðina í landinu fyrir rafbíla. Tölur bendi til þess að hið opinbera hafi innheimt 1,9 milljarða með gjöldum af bensíni og olíu í fyrra. Á sama tíma hafi orkusjóður varið tæplega 11 prósentum eða 200 milljónum í uppbyggingu rafhleðslustöðva. Hlutfallið þurfi að vera hærra.

„Það á bara að taka ákveðin prósent af þessum koltvísyringsskatti á jarðefnaeldsneyti og nýta það í þessi orkuskipti,“ segir hann.

Ózur Lárusson, framkvæmdastjóri Bilgreinasambandsins, segir það borðleggjandi að ekki náist að skipta



Framkvæmdastjóri ON segir að hægt sé að starfrækja hleðslustöðvar í þéttbýli. Ríkið þurfi hins vegar að koma að uppbyggingu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Með sextán stöðvar

Orka náttúrunnar er dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur sem framleiðir og selur rafmagn. Fyrirtækið hóf þróunarverkefni árið 2014 með uppsetningu á hlöðum fyrir rafbíla. Nú þegar hafa verið settar upp sextán hlöður og segir Bjarni Már Júlíusson að hann vonist til þess að búið verði að koma upp hleðslustöðvum um allan hringveginn fyrir árslok.

út núverandi bílaflota fyrir rafbíla og metanbíla þótt þróunin sé hröð. „Ef þú horfir á meðalaldur fólksbíla hér á landi þá er hann liðlega tólf ár og það er þá fullt af bílum sem eru eldri

en það. Það eru heilmikil verðmæti fölgin í þessum flota og fólk er ekki tilbúið til að henda sínum bílum,“ segir Ózur.

Hann segir raforkubíla líka vera mikla áskorun fyrir ferðaþjónustuna. „Nú er ég nýkominn af hálendinu. Hvernig á að leysa það? Nú eru vegirnir fyrst og fremst fyrir jeppa og ég er ekki farinn að sjá að það sé hægt að setja hleðslustöðvar þar,“ segir Ózur. Þeir Ózur og Bjarni eru þó sammála um að þróunin varðandi rafbilavæðinguna sé mjög hröð. Bjarni bendir á að það sé hægt að starfrækja rafknúna strætisvagna og rútur. Strætó hafi nú þegar pantað fimm bíla. „Þeir komast að vísu styttra en það er allt hægt. Það þarf bara að setja meiri kraft í þetta,“ segir Bjarni. jonhakon@frettablaðið.is



SMASH STYLE HAMBORGARAR

Nýtt í Hagkaup
BBQ og Rótarbjórsósa

TILBOÐ

15%

afsláttur á kassa

2X100 G

509 kr/pk

verð áður 599

2X120 G

594 kr/pk

verð áður 699



549 kr/stk



Sósur Hagkaups

Hambó#1, Hambó#2, Benni#1, Benni#2,
Sinpip, Kokteil og Spicy Majo.



Hagkaup salöt

Kartöflusalat með beikoni og Hrásalat



Cedar's hummus

Gómsætur og bráðhollur hágæða hummus.

449 kr/stk

Gildir til 7. ágúst á meðan birgðir endast.

BAKARÍÐ



Steinbakað súrdeigsbrauð

Aldargömul frönsk uppskrift. Ekkert ger. Langtíma hefun.

799 kr/stk

Nýjung

Nú einnig með kúmen

Nýtt í Hagkaup



Haagen Dazs íspinnar

3 tegundir af íspinum.

299 kr/pk



Beanfield snakk

Hrikalega góðar bauna- og hrísflögur.

299 kr/stk

Fulleldaðir, þarf aðeins að hita,
2 tegundir af sósum

KJÚKLINGAVÆNGIR

Tilbúnir á grillið eða í ofninn

719 kr/kg
fullt verð 899



- Kaldi BBQ
- Kaldi rótarbjórs BBQ

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Legoland í Malasíu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Legoland færir út kvíarnar

DANMÖRK Mikill vöxtur hefur verið í rekstri Legoland-garðanna á fyrstu sex mánuðum ársins. Nýr skemmtigarður var opnaður og eldri skemmtigarðar hafa vaxið og dafnað. Þetta sýnir nýr árshluta-reikningur Merlin Entertainments Group, eiganda Legoland, sem vísað er í á vef Danmarks Radio.

„Heimsóknunum hefur fjölgað í alla garðana okkar,“ segir í tilkynningu með árshluta-reikningnum. Við nutum góðs af sterkum páskum, góðum vörum og tekjum af myndinni The Lego Batman Movie,“ segir í tilkynningunni.

Nýr Lego-skemmtigarður var opnaður í Japan í apríl. Nú þegar hafa milljón manns heimsótt garðinn og meira en 70 þúsund árskort verið seld.

Rekstrarhagnaður af Lego-skemmtigörðunum nam 700 milljónum danskra króna á fyrri hluta ársins. Það jafngildir átta milljörðum íslenskra. Það er aukning um 29 prósent frá fyrra ári. Til stendur að halda áfram að færa út kvíarnar og verða tveir nýir skemmtigarðar opnaðir fyrir árið 2020. – jhh

Eldur rakinn til klæðningar

Eldur braust út í einu hæsta húsi heims í Dúbaí, aðfaranótt föstudagsins. Eldfim klæðning hússins er talin vera ein orsök eldsvoðans. Íbúum var vísað frá heimilum sínum og götum í nágrenninu var lokað.

DÚBAÍ Lögreglan í Dúbaí opnaði í gær götur í kringum Kyndilinn, eitt hæsta hús í heimi. Götum þar var lokað eftir að eldur braust út aðfaranótt föstudagsins og var íbúunum vísað burt úr húsinu.

Bandaríska ABC fréttastofan segir að enginn hafi slasast alvarlega í eldsvoðanum. Þó fengu nokkrir aðhlyningu vegna reykeitrunar. Eldurinn braust út klukkan eitt að staðartíma og var það í annað sinn á innan við þremur árum sem eldur brýst út. Ekki þykir fullvíst um orsök eldsins en klæðning hússins þykir eldfim.

Eldurinn teygði sig upp 40 hæðir hússins á einni hlið þess og tók slökkvistarfið rúma tvo klukkutíma. Klukkan hálf fjögur var tilkynnt að slökkviliðsmenn hefðu náð tökum á eldinum.

Þegar eldur kviknaði í Kyndlinum í febrúar 2015 varð heldur ekki mannskaði. Miklar skemmdir urðu þó og var enn þá verið að gera við þegar eldurinn blossaði upp í fyrrinótt. Í báðum tilfellum vöknudu íbúar við brunaboða og starfsfólk hússins bankaði á dyr til þess að tryggja að fólk yfirgæfi húsið.

Eldur hefur komið upp í fjölda skýjakljúfa í Sameinuðu arabísku furstadæmunum undanfarin ár. Þar á meðal í 63 hæða hóteli í Dúbaí að kvöldi nýárs árið 2016. Hótelgestir sluppu allir án teljandi meiðsla. Á fimmtudagskvöld kviknaði líka í



Þetta er í annað sinn á innan við þremur árum sem eldur brýst út í húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

hótelbyggingu og tók nokkra tíma að slökkva eldinn.

Fyrr á þessu ári voru samþykktar reglur í Dúbaí um að skipta ætti út eldfimri klæðningu fyrir betri klæðningu. Yfirvöld telja að minnst 30 þúsund byggingar í furstadæm-

unum séu með slíka klæðningu. Þótt reglurnar hafi tekið gildi er óljóst hvernig yfirvöld eiga að framfylgja þeim og neyða eigendur til að skipta um eldfimu klæðninguna á húsum sínum og setja aðra öruggari.

jonhakon@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Sumarleikur

Til hamingju Magna Magnadóttir!

Hún hlaut í verðlaun Simba rúm frá Dorma. Þetta var hennar stund með Fréttablaðinu.

Fjöldi skemmtilegra mynda hafa verið sendar inn og við minnum á að leikurinn er enn í fullum gangi.

Drögum út glæsilega vinninga í hverri viku.

Hver fær Fiat Tipo?

Taktu þátt á frettabladid.is/sumarleikur



Stund Mögnu með Fréttablaðinu.



ÞAÐ SYNGUR Í POTTINUM UM VERSLUNARMANNAHELGINA



MILLJÓNIR

POTTURINN STEFNIR Í 44 MILLJÓNIR Í DAG



LEIKURINN OKKAR



ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is



Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

Lög og venjur



Kristín
Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Nú er komið á daginn að Bjarni Benediktsson var ekki starfandi innanríkisráðherra þegar skrifað var upp á ákvörðun um að veita Robert Downey, margdæmdum kynferðisafbrotamanni, uppreist æru.

Upp á ákvörðunina skrifaði Ólöf Nordal heitin, þáverandi innanríkisráðherra. Líklega hefur Bjarni viljað hlífa Ólöfu og minningu hennar við því uppnámi sem málið olli.

Það er röng nálgun að láta þetta mál snúast um persónur og leikendur. Verkerfjarlari ráðuneytum, eins og þegar glímt er við mál sem varða uppreist æru, snúast um lög og reglur, venjur og hefðir. Tilgangurinn er að binda hendur þeirra sem með völd fara hverju sinni og koma í veg fyrir geðþóttaákvörðanir.

Ekkert hefur komið fram sem bendir til að Ólöf Nordal hafi ekki tekið sína ákvörðun í samræmi við gildandi lög og þær venjur sem skapast hafa um mál af þessu tagi. Þó verður ekki fram hjá því horft að það væri meira í anda nútímastjórnsýslu að gefa upp nöfn einstaklinganna tveggja, sem mæltu með beiðni Roberts Downey. Það mun þó ekki hafa verið gert í sambærilegum málum hingað til.

Auðvitað orkar tvímælis að veita manni á borð við Robert Downey uppreist æru. Stór hópur fólks, bæði fórnarlömbin sjálf og aðstandendur þeirra, eiga um sárt að binda vegna misgjörða hans. Og einhvern veginn verður málið allt dularfyllra vegna þess að maðurinn hefur skipt um nafn. Það býður – með réttu eða röngu – heim grunsemdum um að hann vilji flýja fortíð sína. Robert Downey hét áður Róbert Árni Hreiðarsson og var þekktur maður í samfélaginu.

Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra hefur boðað breytingar á reglum um uppreist æru og hyggst leggja fram frumvarp á þingi í haust. Hún hefur velt því upp hvort stjórnvöld eigi yfir höfuð að veita uppreist æru.

Sambærilegt mál kom upp ekki alls fyrir löngu þegar fjallað var um hvort Atla Helgasyni, sem dæmdur var fyrir morð og afplánaði sinn dóm, lögmannsréttindi að nýju. Í það skiptið leystist málið sjálft þegar Atli dró umsókn sína til baka í kjölfar háværra mótmæla.

Athyglisvert er í því samhengi að hugsa til þess hvaða þýðingu hugtakið uppreist æru hefur. Vissulega felst í því ákvörðun af hálfu hins opinbera um sakaruppgjöf. Úti í samfélaginu hefur slíkt hins vegar lítið að segja. Ekkert opinbert vald getur breytt sögu einstaklinganna og afmáð misgjörðir þeirra.

Fyrirgefningin er vissulega stór og mikilvægur þáttur í okkar samfélagsgerð. Hana öðlast þeir sem til alvarlegra saka hafa unnið einungis með því að breyta hegðun sinni og taka upp nýja siði. Við þekkjum sem betur fer mörg dæmi um fyrrverandi sakamenn, sem samfélagið hefur tekið í sátt. Stimpill frá ráðuneyti hefur þar sáralítið að segja.



Fyrirgefningin er vissulega stór og mikilvægur þáttur í okkar samfélagsgerð. Hana öðlast þeir sem til alvarlegra saka hafa unnið einungis með því að breyta hegðun sinni og taka upp nýja siði.

Gunnar



Mín skoðun Logi Bergmann



Sokkinn kostnaður

Sokkinn kostnaður er allur kostnaður sem fallið hefur til vegna kaupa á vöru eða þjónustu sem ekki er hægt að selja aftur og ekki er hægt að nýta til annars en upphaflega var ætlað. Slíkur kostnaður ætti ekki að hafa áhrif á ákvarðanir í framtíðinni.

Þetta er grunnurinn að skilgreiningu á hugtakinu sokkinn kostnaður, samkvæmt Vísindavef Háskóla Íslands. Þetta er það sem borgarfulltrúa Framsóknarflokksins finnst um að börn hælisleitenda skuli fá kennslu í skólum Reykjavíkurborgar. Það sé algjörlega óvist hvort þau fái leyfi til að vera hér til frambúðar og því ætti bara að setja þau í sérstakan skóla svo þau trufla nú ekki kennslu íslensku barnanna. Og kosti svona mikið.

Þessi hugmynd hefur, að sögn hennar, skotið upp kollinum. Hún reyndar segir ekki hvar henni skaut upp og miðað við viðbrögðin virðist ekki mikill hljómgrunnur fyrir henni, þótt hún gefi í skyn að sumir kennarar séu henni sammála. En það er ekkert grín þegar kjörinn fulltrúi lætur svona út úr sér. Um börn.

Nú ætla ég að leyfa mér að vera það sem hún kallar „andstæðingur opinna umræðu“ og vera ósammála henni. Gæti verið að börnin okkar hefðu gott af því að kynna börnum úr öðrum menningarheimi? Er ekki líklegt að þau gætu lært ýmislegt af því sem þau myndu annars ekki gera. Það myndi jafnvel gera þau víðsýnni og ólíklegri til að láta svona út úr sér. Ég hallast að því.

Hvað með hin börnin?

Hvað með fötluð börn eða veik? Eða bara vitlausu börnin og óþekku sem stela athygli frá hinum? Hvað ræður því í raun hvaða börn fá að fara í „skólana okkar“? Ég er bara ekki viss um að þessi tiltekni

borgarfulltrúi sé best til þess fallinn að ákveða hvað sé best að gera í þessum málum. Frekar en svo mörgum öðrum.

Það er ótrúlegt að heyra þetta og líka að heyra hlustendur á þessari útvarpsstöð þarna kinka kolla yfir þessu. Eins og það sé bara fullkomlega eðlilegt að taka fólk í neyð og setja það bara eitthvert annað. Svo það trufla okkur ekki og sé ekki fyrir.



Það er nefnilega mín reynsla að Framsóknarmenn séu yfirleitt ágætis fólk.

Ótti og andúð

Það sem ég óttast er að nú eigi að leika sama leikinn í borginni og gert var í síðustu kosningum. Spila inn á ótta við útlendinga sem komi hingað og spilla menntun barna okkar, taki frá okkur vinnuna og lifi eins og blómi í eggju í félagslega kerfinu. Af hverju ætti ekki að gera þetta? Þetta gekk þokkalega í síðustu borgarstjórnarkosningum og líka hjá Trump. Freistingin er fyrir hendi, að rækta atkvæði í jarðvegi ótta og andúðar.

Það er sem betur fer ýmislegt sem bendir til þess að við höfum lært eitthvað síðustu ár. Viðbrögð annarra Framsóknarmanna benda til þess. Ungir Framsóknarmenn hafa mótmælt þessu og líka hinn borgarfulltrúi flokksins og ýmsir framamenn í flokknum. Það er gott. Það er nefnilega mín reynsla að Framsóknarmenn séu yfirleitt ágætis fólk.

Fyrir tuttugu árum eða svo gerði ég fréttir og þætti um flóttamenn sem komu hingað til lands úr sárri neyð. Það gleður mig alltaf jafn mikið þegar ég hitti einhverja úr þessum hópi. Nánast undantekningarlaust hafa þeir spjarað sig. Það hefði ekki gerst nema þeir hefðu fengið góðar móttökur og fengið að vera fullgildir þátttakendur í samfélaginu – og ganga í skólana okkar.

Ef ég ætti að nota hugtakið „sokkinn kostnaður“ um eitthvað þá væri það um borgarfulltrúann sem lét þetta út úr sér og skoðanasystkin hennar.

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?

GUM eru hágæða tannvörur

tannlæknar mæla með GUM tannvörum



... fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

allar upplýsingar á www.icecare.is



HÚSGAGNA
HÖLLIN

Sumar *LÝKUR Í DAG*
ÚTSALAN



enn meiri afsláttur

Allt að

60% afsláttur

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga
Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

 HÚSGAGNA
HÖLLIN

Stórstjörnurarnar í City léku sér að West Ham í Laugardalnum

Magnaðir leikmenn Manchester City Leroy Sane fagnar með liðsfélögum sínum í Manchester City sem vann sannfærandi og auðveldan sigur á West Ham á Laugardalsvelli í gær. Þetta var síðasti æfingaleikur liðanna áður en nýtt tímabil hefst í ensku úrvalsdeildinni en fá lið lita betur út en þeir bláklæddu frá Manchester þessa stundina. Gabriel Jesus, Sergio Agüero og Raheem Sterling skoruðu mörk City í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Ég fagna með íslenska liðinu

Lars Lagerbäck kom í stutta heimsókn til Íslands í tengslum við Super Match á Laugardalsvelli í gær. Hann segist sakna landsins og þykir miður að hafa ekki séð leik með íslenska landsliðinu eftir að hann hætti.

FÓTBOLTI „Ég hef lýst því mörgum sinnum eftir EM í fyrra að ferðalag mitt með íslenska landsliðinu var afar sérstakt. Það eru því sterkar tilfinningar að vera kominn loksins aftur á Laugardalsvöll.“

Þetta sagði Lars Lagerbäck, fyrrverandi landsliðsþjálfari Íslands, og þjóðhetja í augum margra eftir afrek íslenska karlalandsliðsins á EM í Frakklandi síðasta sumar, þar sem strákarnir okkar fóru alla leið í fjórðungsúrslit eins og alheimur veit.

„Þetta ferðalag mitt með íslenska landsliðinu er án nokkurs vafa það besta á mínum ferli. Ekki bara út af árangrinum heldur líka vegna íslensku þjóðarinnar, leikmannanna og allra þeirra sem ég kynntist hér.“

Lagerbäck gaf út að hann ætlaði að láta af störfum sem aðalþjálfari eftir

að samningur hans við KSÍ rann út. Það entist ekki lengi. Eftir stutta dvöl sem ráðgjafi sænska landsliðsins reði hann sig sem landsliðsþjálfari Noregs.

„Já, það var svolítið galið af mér. Ég þekki yfirmann norska sambandsins [Nils Johan Semb] og hann lagði hart að mér. Ég veit ekki hvað það var, kannski einhver forvitni, en ég ákvað að taka slaginn.“

Líf með væntingunum

Árangur Íslands á EM í Frakklandi vakti heimsathygli og Lagerbäck fór ekki á mis við hana. „Ég er minntur á það hvert sem ég kem í Evrópu og um allan heim. Allir vilja tala um íslenska landsliðið,“ segir hann. En skyldu Norðmenn ekki hafa þær væntingar að hann fari með norska landsliðið í sömu hæðir og það íslenska?



Lars Lagerbäck kom á Laugardalsvöll í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

„Það kann að vera. Væntingarnar í Noregi eru miklar og þeir þróa að komast í lokakeppni stórmóts með liðið sitt. Maður reynir bara að lifa með þeim væntingum og ég get bara gert mitt besta, eins og ég reyndi alltaf að gera þegar ég var með íslenska liðið,“ segir hann.

Fyrstu ár Lagerbäck á Íslandi mótaði hann kjarna leikmanna sem hann notaði til að byggja upp sterkt lið. Það vill hann gera nú með norska liðið en segir að það muni taka tíma. Hann nýtur þess þó að fylgjast með íslenska liðinu spila eftir að hann kvaddi strákana að lokinni Frakklandsförinni í fyrra.

„Ég hef séð alla leikina í sjónvarpi og þykir mér til um hvað þeir eru að gera. Ég vona að ég geti gert það sama með Noreg – það er aldrei að vita.“

Svo erfitt að vinna Ísland

Heimir Hallgrímsson hefur náð frábærum árangri með íslenska liðið eftir að hann tók alfarið við þjálfun liðsins. Ísland er ásamt Króatíu efst í sínum riðli í undankeppni HM eftir frækinn sigur á Króötum í Laugardalnum í júní.

„Það var frábært,“ sagði Lagerbäck og brosti. „Strákarnir voru mjög skipulagðir og það sýndi sig í þessum leik hversu erfitt það er að vinna Ísland. Króatararnir lögðu mikið á sig og náðu varla að skapa sér færi undir lokin, þegar þeir lögðu allt í sölnar.“

Og fagnaði hann þegar Hörður Björgvin skoraði sigurmarkið gegn Króatíu?


„Já, að sjálfsögðu. Mér þykir afar vænt um Ísland, rétt eins og Noreg og Svíþjóð líka. Þessir leikmenn eru í miklum metum hjá mér. Ég fagna alltaf með Íslandi.“

HM-draumurinn raunhæfur

Hann á enn eftir að sjá landsliðið spila í eigin persónu eftir að hann hætti en hann ætlar að bæta úr því við fyrsta tækifæri. „Ég var svo vitlaus að ráða mig í annað starf,“ sagði hann og hló. „Planið var að mæta á alla heimaleiki í Laugardalnum. Ég kem um leið og ég get.“

Lagerbäck telur enn fremur að Ísland eigi raunhæfan möguleika á að komast á HM í Rússlandi. „Sérstaklega ef leikmenn fá nóg að spila með sínum liðum í haust og eru við góða heilsu. En eins og við vitum öll þá skilur oft mjög lítið á milli í fótbolta. En möguleikarnir eru án nokkurs vafa góðir.“ eirikur@frettabladid.is

ENN OG AFTUR GULL HJÁ MO Mo Farah vann í gær sitt tíunda gull á annaðhvort HM eða Ólympíuleikum þegar hann kom fyrstur í mark eftir æsilegan endasprett í tíu þúsund metra hlaupi á HM í frjálsum í heima-borg hans, Lundúnum í Bretlandi. Farah hefur unnið tvöfalt í fimm og tíu þúsund metra hlaupum á öllum stórmótum síðan á ÓL 2012, sem fór fram á sama leikvangi og keppni gærdagsins. Hann kom í mark á 26:49,51 mínútum eftir æsilegan endasprett, við gríðarlegan fögnuð heimamanna í stúkunni. Usain Bolt mun svo í kvöld freista þess að vinna gull í 100 m hlaupi sem verður hans síðasta á ferlinum.

**FH FER NÆST TIL PORTÚGAL**

FH-ingar drögust í gær á móti Braga í lokaumferð forkeppni Evrópuvæðildarinnar en þeir gátu líka mætt Salzburg, Midtjylland, Athletic Bilbao eða Everton.

Fyrri leikur gegn portúgalska liðinu verður leikinn á Íslandi fimmtudaginn 17. ágúst. Seinni viðureignin fer síðan fram í Portúgal fimmtudaginn 24. ágúst.

Everton slapp við Hafnarfjarðarliðið en lendir á móti Hajduk Split frá Króatíu. Í forkeppni Meistaradeildarinnar hafði Liverpool ekki heppnina með sér því lærisveinar Jürgens Klopp lentu á móti Hoffenheim frá Þýskalandi.

SKOLLASKRÍÐA Á FYRSTU HOLUNUM FÓR ALVEG MEÐ ÞETTA Ólafía Þórunn Kristinsdóttir komst ekki í gegnum niðurskurðinni á Opna breska meistaramótinu í golfi í gær. Ólafía lék annan hringinn á 75 höggum endaði því á sex höggum yfir pari. Hún hefði þurft að spila á sjö færri höggum til þess að ná niðurskurðinum.

Ólafía vissi að hún þyrfti að spila mjög vel í gær til að eiga möguleika en sú von dó snemma eftir að hún fékk fjóra fugla í röð á fyrstu fimm holunum. Ólafía Þórunn er bæði fyrsti íslenski kylfingurinn sem keppir á risamóti og á Opna breska en enginn Íslendingur hefur enn komist í gegn niðurskurðinn á risamóti í golfi. Næst á dagskrá hjá Ólafíu er góðgerðargolfmót til styrktar Barnaspítala Hringins á Leirdalsvelli hjá Golfklúbba Kópavogs og Garðabæjar.

Mótið fer fram á þriðjudaginn og þar mætir Ólafía ásamt fleiri spilurum í LPGA-mótarröðinni.

**Missti Heimi á Þjóðhátíð**

Heimir Hallgrímsson og Lars Lagerbäck mynduðu öflugt þjálfarateymi hjá íslenska landsliðinu á sínum tíma. Þeir urðu líka góðir vinir og halda enn góðu sambandi.

„Já, við spjöllum reglulega. Við sendum SMS eftir hvern leik og tölum svo líka í síma nokkrum dögum síðar. Í raun eftir hvern leik og á milli leikja líka,“ segir Lagerbäck um samskipti sín við Heimi í dag.

Lagerbäck var í stuttri heimsókn á Íslandi vegna leiks Manchester City og West Ham á Laugardalsvelli í gær en Heimir Hallgrímsson átti ekki heimangengt. Hann er í Vestmannaeyjum, sinni heimabyggð, á Þjóðhátíð.

„Það er synd að þessi leikur stangist á við veisluna í Vestmannaeyjum en ég hitti hann bara næst þegar ég kem til Íslands.“

**Í dag**

11.00 Opna breska Golfstöðin
13.55 Fulham - Norwich Sport
15.50 KA - FH Sport 2
16.00 WGC: Bridgestone Sport 4
16.25 Tottenham - Juve Sport3
16.05 Liverpool - Ath. Bilbao Sport
16.25 Aston Villa - Hull Sport 5

Pepsi-deild karla
16.00 KA - FH Akureyrarvöllur

Á morgun

11.00 Opna breska Golfstöðin
12.50 Arsenal - Chelsea Sport
15.25 Bolton - Leeds Sport
16.00 WGC: Bridgestone Sport 4

KRÓNAN



499 kr. stk.

Kartöflusalat, 400 g



299 kr. pk.

Driscoll's jarðarber, 250 g



Gott verð!

1499 kr. kg

Lúxus grísakótilettur, úrval marineringsa, Spánn



149 kr. pk.

Gestus snakk, 175 g

Ódýrt

OPIÐ

ALLA HELGINA

nánar á kronan.is





KJÚKLINGABRINGUR
DANSKAR 900 GR. FROSIÐ.

1.184 KR
PK

Vertu öðruvísi og
grillaðu Kengúrnu!



KENGÚRU FILLE
FROSIÐ

2.399 KR
KG

ÁÐUR: 3.998 KR/KG

-40%



GRÍSAHNAKKI
KRYDDUÐ PAPRIKA,
KÓRÍANDER, CHILI OG KARRÍ

1.149 KR
KG

ÁÐUR: 2.298 KR/KG

-50%

FERSKLEIKI
KJÖTBANKINN



-20%

FOLALDASTEIK
Í SÍTRÓNUSMJÖRI

1.998 KR
KG

ÁÐUR: 2.498 KR/KG



Ferskt daglega

**PICK
NICK**

EXTRA
MATARMIKIL LOKA
SÉRGERÐ FYRIR VERSLÓ!

898 KR
STK

Tilvalið i ferðalagjó!



ÝSUBITAR
1 KG. ICE FRESH.

1.189 KR
KG

ÁÐUR: 1.698 KR/KG

-30%



BOCUSE D'OR
LAMBALÆRI GRAND CRU

2.684 KR
KG

ÁÐUR: 3.398 KR/KG

-21%

BOCUSE D'OR
HÁTÍÐAR LAMBALÆRI

1.690 KR
KG

ÁÐUR: 1.798 KR/KG



COOP LAXABITAR
SÍTRÓNU/PIPAR

539 KR
PK

ÁÐUR: 898 KR/PK

-40%



COOP LAXABITAR
2PK 250 GR.

599 KR
PK

ÁÐUR: 998 KR/PK



-20%

X-TRA FLÖGUR
SOURCREAM/SALT
300 GR.

239 KR
PK

ÁÐUR: 298 KR/PK



-20%



X-TRA KAFFI
400 GR.

319 KR
PK

ÁÐUR: 399 KR/PK



COOP PIZZA
M. PEPPERONI 350 GR.

359 KR
PK

ÁÐUR: 399 KR/STK



COOP PIZZA
M. SKINKU OG OST 340 GR.

359 KR
PK

ÁÐUR: 399 KR/STK

-30%



EXTRA 3PK
COOL BREEZE/PEPPERMINT BLUE
SPEARMINT/STRAWBERRIES

139 KR
PK

ÁÐUR: 199 KR/PK

Tilboðin gilda 3. - 7. ágúst 2017

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



GRILLEGGIR
MARINERAÐIR 2 Í PAKKA

1.057 KR
KG

ÁÐUR: 1.761 KR/KG



-40%

LAMBA SIRLOINSNEIÐAR
GRILL. KJÖTSEL.

1.499 KR
KG

ÁÐUR: 1.898 KR/KG



KJARNAFÆÐI GRÍSALUNDIR
NEW YORK.

1.874 KR
KG

ÁÐUR: 2.498 KR/KG



VÍNBER RAUÐ
USA

449 KR
KG

ÁÐUR: 898 KR/KG

-50%



SVÍNASNITSEL Í RASPI
FERSKT.

1.899 KR
KG

ÁÐUR: 2.374 KR/KG

-20%



NESTLÉ KIT KAT
4 FINGER 41,5 GR.

69 KR
STK

ÁÐUR: 85 KR/STK



SNICKERS
SINGLE 50 GR.

69 KR
STK

ÁÐUR: 99 KR/STK

-30%

MARS
CLASSIC 51 GR.

69 KR
STK

ÁÐUR: 99 KR/STK

-30%



FREYJA SMÁDRAUMUR
KASSAR 180 GR.

279 KR
PK

ÁÐUR: 349 KR/PK

-20%



FREYJA RÍSKUBBAR
KASSAR 170 GR.

296 KR
PK

ÁÐUR: 369 KR/PK



FREYJA RÍSKUBBAR
M. KARAMELLU

279 KR
PK

ÁÐUR: 349 KR/PK

-20%



EMERGE
ORKUDRYKKUR 250ML

69 KR
STK

ÁÐUR: 89 KR/STK

-22%



COOP SÚKKULAÐI 64%
CAMEL & SJÁVARSAIT

199 KR
STK

ÁÐUR: 249 KR/STK

-20%

Lifraenir orkubarir
Frábært verk



SUN WARRIOR PROTEIN BAR
BLÁBERJA/KANEL
/KÓKOS/SÓLT KARAMELLA

199 KR
STK



FREYJA HRÍSPOKI
FLÓÐ. 200 GR.

299 KR
STK

ÁÐUR: 398 KR/STK

-25%

Opnunartími frídag verslunarmanna

Borgarnes	09.00-20.00
Búðakór	10.00 - 21.00
Egilsstaðir	09.00-20.00
Glerártorgi	LOKAÐ
Grandi	LOKAÐ
Grindavík	LOKAÐ
Hafnarfirði	10.00 - 21.00
Hrísalundi	10.00 - 21.00
Húsavík	LOKAÐ
Höfn	09.00-20.00
Iðavellir	10.00 - 21.00
Ísafjörður	10.00 - 19.00
Krossmóa	LOKAÐ
Mjódd	LOKAÐ
Salavegi	10.00 - 21.00
Selfossi	10.00 - 21.00

www.netto.is

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundi · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Ísafjörður · Egilsstaðir · Selfoss



Innipúkinn er fyrir þá sem ætla ekki að vera að drullumallast úti á landi, segir Ásgeir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

Hrokafullur en góðhjartaður

Innipúkinn er á sínum stað um verslunarmannahelgina og hefur verið gríðastaður fyrir þá sem ekki kæra sig um að yfirgefa borgina í heil sextán ár. Auk tónleika á Húrra og Gauknum verður boðið upp á dagskrá á Innipúkatorginu.

Við fengum léttu upphafsringingu, svona rétt til að væta grasið hjá okkur á torginu, en annars verður sól og blíða það sem eftir er. Hér verður fatamarkaður í dag og svo myndlistar- og grafíkmarkaður á morgun hér á Innipúkatorginu. Annars snýst þetta mest allt um að vera inni að hlusta á góða tónlist með aðgang að geggjúðum bar og vera ekkert að sullast úti á landi – sú sjálfsskaðahegðun er okkur hér á Innipúkanum alveg óskiljanleg. Það að fara út á land eitthvað að drullumallast með allri þjóðinni, þegar allir eru úti á landi – að kjósa þá að fara, það skilur Innipúkinn illa," segir Ásgeir Guðmundsson, einn aðstandenda Innipúkans, en þar verður boðið upp á metnaðarfulla dagskrá í ár, eins og fyrri ár, fyrir þá sem ætla sér ekki að fara út úr bænum í eitthvert „drullumall“.

Einnig verður í boði útsvæði – Innipúkatorgið – og þar verður dagskráin öllu opin.

„Við mælum með því að

Jón Jónsson er gríðarspenntur.



ÞAÐ ER GAMAN AÐ SEGJA FRÁ ÞVÍ AÐ ÞAÐ ERU JÖFN KYNJAHLUTFÖLL HJÁ OKKUR. ÞAÐ KOM NÚ BARA AF NÁTTÚRUNNAR HENDI OG ER EKKI EITTHVAÐ SEM ÞURFTI AÐ SKIPULEGGJA EÐA VINNA SÉRSTAKLEGA Í, ÞANNIG BARA ER ÞETTA



Amabadama er eitt af ótal nöfnum sem koma fram á hátíðinni.



Sturla Atlas strákarnir verða að sjálfsgöðu á svæðinu.

fólk haldi sig bara í bænum, komi hingað og fari á almennilega tónlistarhátíð þar sem bæði konur og karlar koma fram. Það virðist vera vandamálum bundið fyrir útihátíðir landsins að bóka til sín kvenlistamenn, það er alveg ótrúlegt. Það er gaman að segja frá því að það eru jöfn kynjahlutföll hjá okkur. Það kom nú bara af náttúrunnar hendi og er ekki eitthvað sem þurfti að skipuleggja eða vinna sérstaklega í, þannig bara er þetta. Þegar við Innipúkamenn förum að hugsa hvað er skemmtilegast og hvernig getum við búið til fjölbreytta dagskrá sem mun sprengrá alla skala og búa til skemmtilega helgi lendir það bara þannig að það eru jöfn kynjahlutföll. Og samhliða því myndast miklu skemmtilegri stemming þar sem allir eiga sitt pláss.

Þó Innipúkinn sé í grunninn hrokafullur er hann góðhjartaður og vill öllum vel og þess vegna mælir hann með því að fólk sé ekki eitthvað að sullast út á land," segir Ásgeir. Og hana nú.

Stærstu nöfn hátíðarinnar í ár eru meðal annars Sturla Atlas, Rottweiler hundar, Sigga Beinteins og Babies – sem Ásgeir er vandræðalega spenntur fyrir – og FM Belfast. Jón Jónsson fær líka pláss en hann hefur ekki fengið inni á mörgum tónlistarhátíðum og Ásgeir fullyrðir að Jón sé gríðarlega spenntur. Það er ljóst að á Innipúkanum verður eitthvað fyrir alla. stefanthor@frettabladid.is

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS


**Viðskiptavinir
athugið að allar verslanir**

B  NUS

**eru opnar um helgina
en lokaðar nk. mánudag**

á frídegi verslunarmanna

**NJÓTUM
HELGARINNAR
...OG KOMUM HEIL HEIM**



B  NUS EKKERT BRUÐL



Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-



Áð sögn reynds björgunarsveitarmanns byggja sveitirnar á samheldni. Annar segir starfið enga kvöð, þetta sé áhugamálið og fólk hafi ánægju af starfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fórnfýsi, metnaður og samstaða

Björgunarsveitirnar vinna óeigingjarnt starf, launalaust, alla daga ársins. Forseti Íslands segir sveitirnar fyrir löngu hafa sannað gildi sitt. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu segir lögregluna ekki geta án björgunarsveita verið.



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands

Hafa sannað gildið

„Björgunarsveitir landsins hafa fyrir löngu sannað gildi sitt,“ segir forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson.

„Það vita þeir best sem lent hafa í vöðva eða vá.“

Forsetinn segir að við værum í vanda stöð án björgunarsveitanna. „Útivist til fjalla væri mun meira hættuspil en ella og sömuleiðis ýmis störf til sjávar og sveita. Auk þess sýna félagar sveitanna í verki almennt mikilvægi samstöðu og fórnfýsi, metnaðar og fagmennsku. Samstaða og samhugur er forsenda öflugs samfélags.“

2,71

MEÐALFJÖLDI ÚTKALLA Á BJÖRGUNARMENN (2016)

1.055

VAR HEILDARFJÖLDI ÚTKALLA (2016)



Leitin að Birnu Brjánsdóttur í janúar síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Unnar Már Sigurbjörnsson, hjá Hjälparsveit skáta í Reykjavík síðan 2011

Verkið alltaf þess virði


„Þetta er alltaf þess virði. Það er aldrei hægt að segja að eitthvað hafi verið tímasóun, alveg sama hvað maður er að gera. Þó að maður hafi leitað allt höfuðborgarsvæðið að manneskju sem finnst utan þess, er maður samt búinn að

sinna því hlutverki að útiloka rosa mikið svæði,“ segir Unnar Már Sigurbjörnsson björgunarsveitarmédlimur. Hann hefur mest verið í bílaflokki, leitartækniflokki og í drónahópnum.

Unnar segir menn aldrei vita nákvæmlega út í hvað er verið að fara og útköll geti breyst á síðustu stundu. „Í leitinni að Birnu Brjánsdóttur var ég til dæmis á leið að leita að henni, en svo þurftum við skyndilega að fara upp á Helgafell að sækja þar mann sem var slasaður,“ segir hann.

„Það sem björgunarsveitir byggja á er þessi gríðarlega samheldni og það gildir einu hvaðan fólk er af landinu. Það koma allir saman og vinna það verk sem verið er að leitast eftir að vinna. Það gera það allir af heilum hug og eftir bestu getu og það er það sem gildir. Þá skiptir engu máli hvort sveitin er stór eða örsní, það er þessi samheldni sem stendur upp úr hjá mér.“

Alvarleiki aðgerða (2016)





Ólafur Jón Jónsson, drónasérfræðingur í björgunarsveitinni frá 2009

Engin kvöð

„Þetta er bara áhugamálið. Þetta er engin skuldbinding því maður hefur ánægju af þessu. Það er ekki hægt að segja að þetta sé einhver kvöð eða slíkt. Svo velurðu í hvert sinn hvort þú mætir eða ekki, þér ber ekki að mæta þó að komi útkall. Þannig að þetta fellur vel með venjulegu lífi hjá fólki,“ segir Ólafur.

Hann er í svæðisstjórn björgunarsveita og kennir meðal annars á dróna. Drónar komu inn í björgunarsveitir landsins fyrir um tveimur árum og þó þeir hafi ekki hingað til verið mjög afgerandi í starfinu eru miklir möguleikar í notkun þeirra að




ÞAÐ FÓR ALLT SAMAN VEL, EN ÞAÐ VORU MJÖG KRAPPAR KRINGUMSTÆÐUR, SÉRSTAKLEGA FYRIR ÞANN SEM STÓÐ Í ÁNNI.

mati Ólafs.

Ólafur segir eitt eftirminnilegasta í starfinu hafa verið sumarið 2010 þegar hann var á hálendisvakt við Sprengisand og bjargaði manni í sjálfheldu í jökulá. „Það var fyrsta og eftirminnilegasta aðgerðin sem ég hef tekið þátt í. Það fór allt saman vel, en það voru mjög krappar kringumstæður, sérstaklega fyrir þann sem stóð í ánni.“

Ólafur hvetur fólk til að gerast meðlimir björgunarsveitar. „Ég vil benda fólki á að þetta er frábær kostur til að gefa af sér til samfélagsins og láta gott af sér leiða.“

Útköll eftir vikudögum (2016)



4.198

BJÖRGUNARMENN ERU Á ÚTKALLSSKRÁ Á LANDINU



Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lög- og reglustjóri á höfuðborgarsvæðinu

Vill þakka fyrir

„Björgunarsveitir eru afar mikilvægur samstarfsaðili lögreglunnar í landinu. Hvort sem um er að ræða leit að fólki, björgunarsköf, sporleit, óveður, snjóflódaleit, eftirlit á hálendinu eða aðgerðir til að tryggja öryggi almennings, svo eitthvað sé nefnt, þá eru björgunarsveitirnar ómissandi hvar sem borð er niður.“

Björgunarsveitarfólk er reiðubúið til samstarfs allan sólarhringinn, í sjálfboðavinnu, og tilbúið að hlaupa frá sínum daglegu verkefnum án þess að fá endurgjald. Þau hafa yfir að ráða tækjabúnaði sem þau hafa

aflað með styrkveitingum og þátttöku almennings og gera þannig mögulegar aðgerðir sem lögreglan gæti ein og sér ekki sinnt.

Björgunarsveitarfólk býr yfir dýrmætri reynslu og þekkingu og fjöldi sjálfboðaliða er slíkur að með atbeina þeirra er unnt að bregðast við verkefnum sem annars væri ekki mannaflí til að sinna.

Þá eru ótaldar slysavarnadeildirnar sem hlúa að viðbragðsaðilunum með kærleika, hlýju og fórnfysi og sinna einnig óeigingjörnu starfi allan sólarhringinn.

Með nýrri aðgerðastjórnstöð höfuðborgarsvæðisins er komin stórbætt aðstaða við stjórnun aðgerða og þar eru björgunarsveitir, ásamt Rauða krossinum, slökkviliði höfuðborgarsvæðis og öðrum aðilum, loks komin með vettvang sem allir geta nýtt til að mæta þeim áskorunum sem viðbragðsaðilar sinna daglega.

Skilaboð lögreglu til björgunarsveita eru einföld: Þakka ykkur fyrir ómetanlegt og óeigingjarnt framlag í þágu öryggis borgaranna og þeirra sem sækja okkur heim.“



Frá björgun hunds Pálinu, Kvikú.



Pálína Ásbjörnsdóttir lögfræðingur er þakklátur björgunarsveitunum

Ekki bara hundur

Í marsmánuði kom Björgunarsveitin Pálinu Ásbjörnsdóttur lögfræðingi til bjargar þegar hundur hennar, Kvikú, féll í gjá sem snjóvar yfir nálægt Búrfellsgjá. „Við fengum lögregluna fyrst með

útbúnað eins og þeir ætluðu að reyna að bjarga þessu sjálfir en þeir kölluðu svo út björgunarsveitina. Þetta var alveg ótrúlegt, alveg ótrúlega magnað,“ segir Pálína.

Hundurinn var í gjánni í tvo tíma. „Mest af þessum tveimur tímum fór í bið og þeir voru enga stund að ná henni upp. Við hugsuðum að þetta væri nú bara hundur og þá var svo skemmtilegt þegar þeir í björgunarsveitinni sögðu að þetta væri ekki bara hundur heldur fjölskyldumeðlimur. Þeir voru allir hundafólk og þótti sjálfsgætt að ná hundinum upp,“ segir hún.

Pálinu var sagt að þetta væri þriðji hundurinn sem björgunarsveitin hefði bjargað upp úr gjá á svæðinu. „Þetta vakti okkur upp í vor, þetta er viðvörðun um að vera ekki með börn laus eða dýr á svæðinu, maður sá fyrir sér að börn gætu auðveldlega fallið þarna niður,“ segir Pálína.



Reimar Sigurjónsson bóndi er þakklátur björgunarsveitum

Bjargað úr sjálfheldu

Þann 6. nóvember á síðasta ári kom björgunarsveitin bóndanum Reimari Sigurjónssyni frá Felli í Bakkafirði til bjargar þegar hann lenti í sjálfheldu við fossinn Míganda í 200 metra hæð.

„Ég var að elta kind sem heitir Snara í Gunnólfsvíkurfjalli. Ég ætlaði að vera snöggur að ná í hana en úr varð tólf eða þrettán tíma bið á syllu á fjallinu. Ég hringdi sjálfur í Neyðarlínuuna og bar upp vandræði mín, svo var ég með talstöð líka og í sambandi við konu neðar í firðinum,“ segir Reimar.



Frá Húsavík og Akureyri og að sunnan komu sérhæfðir klettabjörgunarmenn, ásamt fjölmennu björgunarliði Reimari til bjargar. Hann var í sjálfheldu í samtals

um 15 klukkustundir. Björgunarsveitarmenn þurftu að síga niður að Reimari og fylgja honum niður af fjallinu. Reimar segir ómetanlegt að eiga björgunarsveitina að þegar fólk lendir í svona aðstæðum.

Hann segir að þetta sé í fyrsta og eina skiptið sem björgunarsveitin hefur komið honum til bjargar. Reimar hafði tvo hunda með sér sem veittu honum félagsskap og héldu á honum hita. Aðstæður voru leitarmönnum erfiðar á svæðinu og myrkur einnig.

Í kjölfar björgunar færðu Reimar og Dagrún Þórisdóttir, kona hans, Björgunarsveitinni Hafliða björgunarlaun og komu á framfæri einlægum þökkum.

Tímar dags sem útköll áttu sér stað (2016)



Leitað að manni við Gullfoss í lok júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS HLYNUR

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Þótt Elin Agla Briem sé ekki uppalin í Árneshreppi kann hún vel að meta umhverfið þar og mannlífið og fegurðina sem felst í hvoru tveggja.

Hún flutti þangað með dóttur sína, Jóhönnu Engilráð Hrafnisdóttur, árið 2014 en bjó að reynslu þriggja ára búsetu þar nokkrum árum fyrr er hún var þar skólástjóri.

„Nú titla ég mig þjóðmenningarbónda,“ segir Agla og útskýrir hvernig það kom til. „Ég rakst á mann á netinu sem heitir Stephen Jenkinson sem stofnaði skóla á sveitabæ sínum í Ottawadal í Kanada. Hann hafði unnið í mörg ár við að sitja á dánarbedi fólks og fannst hann sjá menningarstraumana í Norður-Ameríku birtast þar, fór að rannsaka þá, hætti í dauðabransanum og stofnaði þennan skóla. Ég hlustaði á hann gegnum tölvuna og heyrði þar strax tón sem mér fannst fanga það sem ég var að hugsa en náði ekki almennilega utan um. Þannig að ég skrifaði honum og spurði hvort þessi skóli gæti mögulega tengst lífsbaráttu jaðarsamfélaga eins og Árneshrepps. Hann svaraði mér um hæl og sagðist ekki ræða mikilvæg málefni í tölvupósti, best væri að ég kæmi bara í skólann (orphanwisdom.com). Ég var komin þangað út þremur vikum seinna og skræði mig. Þetta var tveggja ára nám með mætingu tvisvar á ári og eftir fyrstu lotuna var eins og hulu væri svipt frá augum mínum, og ég sá að ég gat alveg flutt aftur í Árneshrepp þó það sé ríkjandi skoðun í dag að slíkt sé ekki hægt. Ég veit að marga langar að flytja á slíka staði en upp rís veggur af rökum á móti þeim.

Þegar við Jóhanna fluttum norður var billinn minn bílaður og ég átti ekki marga þúsundkalla, var ekki með von um vinnu og átti ekkert framtíðarhúsnæði en svo varð þetta ekki flóknara en það að ég fékk far með föðursystur Jóhönnu í sveitina og þannig fluttum við. Það eina sem Árneshreppur þarf, til að lif þar viðhaldist og sú góða menning sem þar þrífst, er fólk sem vill búa þar.“

Alltaf tími fyrir kaffi og spjall

Nú voru þær mæðgur að koma frá Vancouver í Kanada. „Við Jóhanna vorum í bátataxa og fórum fram hjá háhýsum og risasnekkjum og leiðsögumaðurinn sagði: „Alls staðar þar sem fólk er með útsýni yfir hafíð er rosalega dýrt að búa. Í þessum háu byggingum kostar ein tveggja herbergja íbúð um 500 milljónir í fjölbýli. Það eru mikil auðæfi sem safnast saman á svona staði.“ Ég hugsaði: Já, ég á enga peninga en ég hef sjóinn fyrir augunum alltaf og tignarleg fjöll í ofanálag.“

En hvernig gengur henni að lifa af? Er hún fjárbóndi eins og flestir í sveitinni? „Gulli, nágranni minn á Steinsstöðum, gaf mér kind síðasta haust. Hún heitir Örlög. Ég þorði loksins að stíga það skref að eignast kind, það er gríðarleg ábyrgð fölginn í því og binding við staðinn. Jóhanna á nokkrar kindur, til dæmis Heimskringlu! Ég hafði aldrei áhyggjum af að við mundum ekki hafa eitthvað að bíta og brenna því annað mundi enginn láta viðgangast. En ég fór í að gera heimasíðu fyrir hreppinn og ýmis smástörf og í fyrrasumar fékk ég starf sem löndunarstjóri og vann með aldursforsetanum í hreppnum, Gunnsteini Gíslasyni, sem hefur sinnt því í áratugi. Það er mikill heiður að vera með honum á bryggjunni því hann er ekkert hættur, sér um alla ísframleiðslu enn þá og er alltaf eitthvað að sýsla. Ef Gunnsteinn er ekki á kaupfélagsplaninu þá er eitthvað að. Bryggjan er alvörustaður og þar sér maður verðmætin verða til. Hetjur hafsins fara út klukkan fjögur á morgnana og koma til baka með nokkur hundruð kíló hver, meðan á strandveiðunum stendur.“ Hún segir mörg störf falla á herðar hvers og eins í fámennu samfélagi og allir séu í miklum önnum. „Samt er alltaf tími fyrir kaffi og spjall og að borða



„Bryggjan er alvörustaður og þar sér maður verðmætin verða til. Hetjur hafsins fara út klukkan fjögur á morgnana og koma til baka með nokkur hundruð kíló hver, meðan á strandveiðunum stendur.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Virkjunarmálið snertir djúpar tilfinningar

Elin Agla Briem er löndunarstjóri í Norðurfirði. Hún setur stórt spurningarmerki við fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir á Ströndum og er meðal þeirra sem vilja standa vörð um náttúru svæðisins. Nú er hún nýkomin frá vesturströnd Kanada þar sem Ross Beaty, aðaleigandi HS Orku, býr á undurfagurri og óspilltri eyju.

góðan mat þannig að forgangsröðin er rétt,“ bætir hún við brosandí.

Kaupfélag Steingrimsfjarðar er með útibú á Drangnesi og í Norðurfirði en Agla segir það hafa verið gefið út í vor að báðum þessum úti-

búum yrði lokað, jafnvel nú á haustdögum því reksturinn gengi ekki sem skyldi. Slíkt sé stórmál. Ekki nóg með það, nýlega fékk hún tölvupóst um að enginn grunnskóli yrði í hreppnum í vetur, því þrjú börn af fimm

væru að flytja í burtu. „Svipuð staða kom upp í fyrrasumar. Þá var alger óvissa um skólahald hér í Árneshreppi og það olli okkur Jóhönnu áhyggjum því hvorug okkar vill búa annars staðar. En þá gerðu örlögin



**AD Hafa URÐARTIND INN-
RAMMAÐAN SEM ÚTSÝNI
ÚR KLÓSETTGLUGGANUM
OG STUNDUM SEL Á
STEINI FYRIR AUGUNUM
ÞEGAR ÉG ER AÐ VASKA
UPP VIÐ ELDHÚSGLUGG-
ANN ER ALGERLEGA
EINSTAKT OG ÓMETAN-
LEGT.**

eitthvað þannig að það fluttu þrjú börn norður og það fjórða bættist við um áramót. Nú eru þau að fara í burtu en við Vigdís Gríms og Hrefna Þorvaldsdóttir ætlum að reka skólann í vetur og þar verða tvær stúlkur, en við munum vinna með fólkinu í grunnskólanum á Tálknafirði og kíkja reglulega yfir til þess og það til okkar.“

Agla kveðst hafa alist upp í borginni þar sem öll þjónusta er við höndina, ruslið er sótt, göturnar ruddar og heilsugæslan er í hverfinu. Suma grunnþætti vanti fyrir norðan, til dæmis það að bæta veginn á eðlilegan hátt. „Stjórnkerfið er þannig upp byggt að hagkvæmni skal ávallt trompa allt annað og því er ekki hægt að setja peninga í svona fámenna staði. Við eigum víst bara öll að þjappa okkur saman, helst á svona þrjá staði á landinu,“ segir hún. „Það er erfitt þegar fólk er orðið að einhverri tölu, þá er hætt að vera einhver helgi yfir lífinu – eins og einn sé ekki bara einn og lífið dýrmætt í sjálfu sér. Þegar fólk býr afskekkt veltur eigin velferð á velferð heildarinnar og það er miklu meiri lífsfylling í að vinna út frá þeim gildum en elst stöðugt við eigin persónulega drauma. Best er þó þegar þetta fer saman. Þetta er það sem ég er að læra. Það er alger synd og skömm ef við sem þjóð missum þessi smáu samfélög því þar lifir vitundarmeningin um að vera bundinn öðrum sterkum böndum, ég kalla það þorpsvitund og það er mikill harmur í því ef hún hverfur. Því er ég að æfa mig í að halda áfram þó að útlitið sé svart.“

Kærustu vinir með virkjun

Nú berst talið að hinum nýju náttúruverndarsamtökum Rjúkandi. „Við erum nokkur sem stóðum að stofnun samtakanna, mikli til sama fólkið og stóð að tveggja daga málþingi í lok júní vegna hinna fyrirhuguðu virkjunarframkvæmda í Hvalá, Rjúkandi og Eyvindarfjarðará. Áhrifasvæði virkjunarinnar er gríðarlega stórt og skerðir ósnortin víðerni Vestfjarða mjög mikið. Það var í einlægni þannig að við vildum heyrja um kosti þessarar virkjunar. Þetta mál hefur verið svolítið óskýrt enda er allt lögformlega ferlið gríðarlega flókið og okkur fannst virkileg þörf á að ræða það opinberlega, fengum fyrirtæki, stofnanir og samtök til að reifa málin fyrri daginn, þar með talinn virkjunaraðilann og seinni daginn voru það einstaklingar sem töluðu. Allt var sent út á fésbókinni og þar er það enn þá, síðan heitir Arfleifð Árneshrepps. Þarna mættu 80-100 manns og það voru tvö þúsund að horfa á beinu útsendinguna. Það er greinilega áhugi á málinu, fólk vill kynna sér það og taka upplýsta afstöðu til þess. Þó innan við 50 séu skráðir í hreppnum þá snertir þetta mál alla þjóðina og við erum hluti af mun stærri heimi. Eftir málþingið voru svo samtökin Rjúkandi stofnuð, hefðbundin náttúruverndarsamtök sem vinna að því að upplýsa fólk, fylgjast með ferlinu og gæta þess að ekki sé gengið of harkalega fram gegn náttúrunni og menningarminjum í hreppnum.“

Er hún ekki hrædd um að málið



„Svo er stöðugt stuð með Jóhönnu Engilráð og skemmtilegt að uppgötva heiminn og Árneshrepp með henni,“ segir Agla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

skipti íbúunum í tvær fylkingar? „Jú, svona virkjunarmál eru eldfim og ég held að almennt sé óhætt að segja að það sé sundrung hjá þjóðinni í sambandi við stóriðju og virkjanir, þar eru uppi mismunandi skoðanir. Þessi mál snerta við taug sem liggur djúpt og viðbrögð geta orðið hatrömm. Þetta er í fyrsta skipti sem ég bý í sveit þar sem svona mál kemur upp og mín fyrstu viðbrögð voru ákveðinn ótti um að nú yrði klofningur og það yrði ekki hægt að búa hér. Málið snertir djúpar tilfinningar og því verður ekki breytt þó íbúarnir séu fáir. Ég hef þó séð, eftir því sem vikurnar líða, að það er ekki þannig. Ég er á móti þessari virkjun og hef margar ástæður fyrir því en sumir af mínum kærustu vinum eru meðmæltir virkjun og það breytir því ekki að við búum hér saman og erum vinir og nágrennar og ég er mjög þakklát fyrir að upplifa það. Það gefur mér sannfæringu fyrir því að við séum að gera eitthvað rétt.“

Það besta fyrir virkjunaraðila er að það komi upp klofningur því þá fer fólk að rifast innbyrðis og það er miklu auðveldara fyrir hann að koma sínum málum fram í sundruðu samfélagi en sterku. Þetta er ekkert útljád og auðvitað er erfitt að standa gegn peningaöflunum sem þarna eru að verki. Þar hafa menn heldur ekki í sér heiðarleikann sem heimamenn hafa því þegar stórfyrirtækin sendu út fréttatilkynningar eftir málþingdi sögðu þau að meirihlutinn hefði verið með framkvæmdunum, sem er helber lygi og svo hnýttu þau við „það er aðallega aðkomufólk sem er á móti“, sem er ekki rétt heldur. Þarna er hægt að segja ósatt í þágu þess að fá sitt fram, það finnst mér mjög alvarlegt.“

Að hugsa um að bjóða Beauty í kaffi

Þær Jóhanna voru sem sagt að koma frá vesturströnd Kanada. „Við vorum þar á litilli og afar fagurri eyju utan við Vancouver sem heitir Salt Spring Island og á næstu eyju, Bowen Island, býr Ross Beauty, stærsti eigandi í HS Orku. Hann er á bak við þessar virkjunarhugmyndir í Árneshreppi sem munu hafa gríðarleg áhrif, ekki

bara á náttúru þar heldur líka á samfélagið og menninguna og hvernig sagan verður skrifuð. Þetta sýnir hvað heimurinn er orðinn samtvinnadur. Ross Beauty á í HS Orku gegnum kanadíska orkufyrirtækið Alterra Power sem hann er líka stjórnarformaður í og HS Orka á stærstan hlut í Vesturverki sem er að berjast fyrir virkjuninni í Hval. Þannig er Vesturverk í raun handbendi Ross Beauty. Ég fór aðeins að kynna mér hann úti í Kanada, meðal annars gegnum viðtal sem ég las við hann. Hann er milljarðamæringur, var með námur úti um allan heim, í Afríku, Suður-Ameríku og víðar, en breytti sinni stefnu og fór í vatns- og jarðvarmavirkjanir og ber það alltaf á borð að hann sé að framleiða umhverfisvæna orku. Ég hef ekki séð hann tjá sig um í hvað sú orka fari, eins og það skipti ekki máli, það megi bara halda áfram að ná í það sem kallað er græn orka og setja hana í mengandi stóriðju. En sjálfur býr hann sem sagt á einstaklega fagurri eyju þar sem náttúran er óspillt sem er auðvitað gríðarlega verðmætt. Ég var alvarlega að hugsa um að kíkja yfir til hans, bjóða honum í kaffi og segja honum frá lífinu í Árneshreppi. En svo hafði ég engan tíma fyrir það í ferðinni en geri það kannski næst þegar ég á leið þarna um, eða sendi honum bara bréf.“

Ross Beauty sagðist vera með virkjananaform úti um allan heim og það væru enn óvirkjaðar ár í British Columbia sem eyjan hans tilheyrir en þar væri orðið dálítið erfitt um vik, bæði væri svo sterkur frumbyggjaréttur að þvælast fyrir og náttúruverndarsamtök. Hann sér greinilega ekki að það sé neinn frumbyggjaréttur hér, kannski hefur hann heyrt að það sé auðvelt að fara fram gegn náttúrunni hér á Íslandi og fá ódýra orku. Þetta er það sem er að knýja þetta mál áfram, gríðarlegir hagsmunir erlendra einkaaðila.

Það er talað um að Hvalárvirkjun muni framleiða 55 megavött, en allt er mjög óljóst enn þá. Þetta er spilað þannig að allt sé fyrir afhendingaröryggi Vestfjarða gert, þó er ekkert uppi á borðinu með það og svo er þetta miklu meiri orka en þarf í það. Margir hafa bent á að HS Orku vanti



„Það er erfitt þegar fólk er orðið að einhverri tölu, þá er hætt að vera einhver helgi yfir lífinu – eins og einn sé ekki bara einn og lífið dýrmætt í sjálfu sér.“

rafmagn til að setja í hinar mengandi verksmiðjur í Helgúvík og sé að fara að lenda í dagsektum, þetta sé bara þeirra leið til að ná í orku, þó aldrei sé hægt að rekja það beint, því þeir selja hana bara inn á landskerfið. Ég vildi að þeir töluðu hreint út um hvers vegna þeir vilji gera þetta en auðvitað snýst það um peninga og hagnað. Ross Beauty segir fyrirtæki sitt munu lifa í árhundrað og allt snúist um að hámarka hagnað hluthafanna. Það borgi sig að bæta alltaf við og gera meira og meira, til að lækka stofn- og kostnaðinn, þá verði arðurinn verðmætari. Svona er þetta byggt upp.“

Agla segir höfðingjana í HS Orku búa að kasta ljósleiðara sem agni til íbúa Árneshrepps. „Það er svo auðvelt að koma og segja: „Heyrðu, við skulum redda ljósleiðara og hvað viljið þið meira? Klæðningu á skólahúsið?“ Það er eitt af samfélagsverkefnum sem þeir vilja taka þátt í. Þá er heimafólk í erfiðri stöðu og ég skil alveg fólk sem kaupir þetta, þó ég sé ekki sammála því. Byggðastefna á Íslandi er bara stóriðjustefna því með henni geta stórfyrirtæki farið inn í sveitarfélög og lofað gulli og græn-

um skógum. Ef samfélag er sterkt og heilbriggt þá er þjónustustigið í lagi og þegar gylliboðin koma geta íbúarnir sagt: Bíddu, nei, þarna er bara verið að ganga gegn náttúrunni en ekki verið að hugsa um samfélagið. En þegar búðin er að fara, það þarf að byggja upp veg og skólahaldið er í óvissu þá er eðlilegt að komi upp panikk – og það er hættan. Auðvitað er snúid þegar þessu er stillt upp svona. Því getur verið erfitt að fara á móti svona framkvæmdum, þá getur maður verið sakaður um að vera á móti framförum, jafnvel á móti þessu litla samfélagi og hreinlega ásakaður um að vilja leggja það af, ekkert er þó meira fjarri mér.“

Eina sem vantar er ástin

Jóhanna er átta ára og hefur fylgst með samtali okkar um leið og hún dundar sér við að skrifa með fallegum dráttum á stóra pappirsörk. Hún er dóttir Hrafns Jökulssonar og á ekki langt að sækja skriftarhæfileikana.

Nú vil ég vita eitthvað um rómantikina í Árneshreppi og spyr Öglu: Átti Hrafn heima í Árneshreppi þegar þú först þangað fyrst? „Nei, hann bara



GULLI, NÁGRANNI MINN Á STEINSSTÖÐUM, GAF MÉR KIND SÍÐASTA HAUST.

HÚN HEITIR ÖRLÖG. ÉG

ÞORÐI LOKSINS AÐ STÍGA

ÞAÐ SKREF AÐ EIGNAST

KIND, ÞAÐ ER GRÍÐARLEG

ÁBYRGÐ FÓLGIN Í ÞVÍ OG

BINDING VIÐ STAÐINN.

JÓHANNA Á NOKKRAR

KINDUR, TIL DÆMIS

HEIMSKRINGLU!

spurði hvort ég vildi giftast sér á Trafalgar eða í Trékyllisvík. Það er fræg saga og ótrúlega góð, það skiptir ekki máli hvort ég er í henni eða ekki. Það sem mig vantar kannski helst í Árneshreppi núna er ástin. Rómantíska ástin. En ég hef oft sagt það og trúi því einlæglega að með brúðkaupi okkar Hrafns hafi ég í leiðinni giftast öllu samfélaginu og það er viss rómantik í umhverfinu og því lífi sem þar er lífað. Mér leiðist aldrei þar og ég er aldrei einmana. Að hafa Urðartind innrammadan sem útsýni úr klósettglugganum og stundum sel á steini fyrir augunum þegar ég er að vaska upp við eldhúsgluggann er algerlega einstakt og ómetanlegt. Svo er stöðugt stuð með Jóhönnu Engilráð og skemmtilegt að uppgötva heiminn og Árneshrepp með henni. Hún er auðvitað líka hjá pabba sínum í Vesturbæ Reykjavíkur stundum og þekkir orðið alls konar húsasund sem hægt er að stytta sér leið í gegnum þar. Jóhanna er eins og selurinn, hún á tvo heima.“

Jarðbundin fjölskyldukona

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, fremsti kylfingur landsins, elskar að leika við litlu frændsystkin sín við hvert tækifæri og setur fjölskylduna ávallt í fyrsta sæti. Hún stundar hugleiðslu, er áhyggjulaus og hefur ekki látið frægðina breyta sér á minnsta hátt. Þannig lýsa ættingjar og vinir Ólafíu Þórunni.

Eiríkur Stefán
Ásgeirsson
eirikur@365.is



Kylfingurinn Ólafía Þórunn Kristinsdóttir stendur í ströngu þessa dagana en í vikunni varð hún fyrsti Íslendingurinn sem keppir á Opna breska meistaramótinu í golfi. Hún hefur reyndar verið dugleg við að brjóta niður múra fyrir íslenska kylfinga undanfarið ár en seint á síðasta ári tryggði hún sér fullan þátttökurétt á bandarísku mótaröðinni í golfi, þeirri sterkustu í heimi.

Ólafía Þórunn verður 25 ára þann 15. október næstkomandi en hún helgaði sér golfþróttinni alfarið eftir að hún útskrifaðist úr Wake Forest háskólanum í Bandaríkjunum árið 2014 eftir fjögurra ára nám. Hún hélt utan aðeins átján ára, yngri en flest íslenskt íþróttafólk sem heldur utan í nám á skólastyrk.

Foreldrar hennar eru Kristinn J. Gíslason og Elísabet Erlendsdóttir. Ólafía á tvo eldri bræður sem báðir hafa spilað golf, Kristin og Alfreð Brynjar. Hún á einnig tvær eldri systur, Elínborgu og Lóu Kristínu. Ólafía ólst upp í Reykjavík og spilaði golf í Golfklúbbi Reykjavíkur áður en hún hélt utan til náms. Unnusti hennar er Thomas Bojanowski en þau eiga heimili í Koblenz í Þýskalandi.

Hún er pefaldur Íslandsmeistari í golfi og fyrsta konan til að vinna Íslandsmót á lægra skori en Íslandsmeistari karla, en það gerði hún á Jaðarsvelli á Akureyri í fyrra. Hún er nú rétt fyrir utan hóp 100 efstu kylfinga peningalista LPGA-mótaráðarinnar en hún þarf að vera í þeim hóp í lok tímabilsins til að endurnýja þátttökurétt sinn í mótinu.

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir

Fædd 15. október 1992.

Foreldrar: Kristinn Jósep Gíslason og Elísabet Erlendsdóttir.

Útskrifaðist úr Wake Forest háskólanum í Bandaríkjunum árið 2014. Starfar nú sem atvinnukylfingur á LPGA-mótaröðinni.

Mömmustelpa og elskar að baka



Silvia Seidenfaden er mágkona Ólafíu og kynntist henni þegar hún var fjórtán ára gömul. Þær eru miklar vinkonur í dag en það fyrsta sem Silvia nefnir er hversu barngóð Ólafía Þórunn er.

„Það mikilvægasta sem hún gerir þegar hún kemur til Íslands er að hitta litlu frændsystkinin sín en bræður hennar eiga fimm börn. Það er líka algengt að hún biðji um að fá nýlegar myndir af börnunum fyrir stór mót hjá henni,“ segir Silvia.

Hún segir einnig að Ólafía hafi gaman af því að vera í eldhúsinu, sérstaklega þegar kemur að bakstri. „Þegar hún kemur heim er byrjað á því að fara beint heim, baka köku og fá frændsystkinin í heimsókn. Hún er mjög

uppátækjasöm og afar nösk á að finna skemmtilega leiki fyrir þau.“

Silvia bætir við að Ólafía hafi ávallt verið staðföst og sjálfri sér trú. „Velgengnin hefur ekki breytt henni neitt. Hún er ekkert að spá í frægð eða neitt slíkt. Hún nýtir sér hins vegar stuðning íslensku þjóðarinnar mjög vel og notar þetta sérkenni, að vera Íslendingur, til að einkenna sig á mótaröðinni. Hún er afar þakklát fyrir þennan mikla stuðning sem hún hefur fengið.“

Ólafía er einnig mikil mömmustelpa, að sögn Silvíu. „Hún vill helst íslenskan fisk að borða sem mamma eldar. Henni líður alltaf best þegar mamma er með henni á golfmótum, svo hún geti eldað fyrir hana og smurt nestið.“



HÚN VILL HELST ÍSLENSKAN FISK AÐ BORDA SEM MAMMA ELDAR. HENNI LÍÐUR ALLTAF BEST ÞEGAR MAMMA ER MEÐ HENNI Á GOLFMÓTUM.

Ekki til dómharka í henni



„Ólafía er alltaf ótrúlega hress. Hún er mest peppandi manneskja sem ég þekki,“ segir **Lilja Zohra**, æskuvinkona Ólafíu Þórunnar. Þær kynntust í Ingunnarskóla í Grafarholti í áttunda bekk og hafa haldið

vinskapnum síðan. „Við hittumst í næstum hvert skipti sem hún kemur til landsins og hún passar alltaf vel upp á að láta mann vita þegar eitthvað stórt gerist í lífinu, hvort sem það tengist golfinu eða ekki.“

Lilja segir að þær hafi verið rólegir unglingar, en það hafi verið stutt í grínið. „Við vorum nú aðallega úti í fótbolta og að búa til myndbönd af okkur. Það var alltaf mjög gaman hjá okkur og mikið hlegið.“

Hún segir að einn helsti styrkleiki Ólafíu sé hversu góð hún er við allt og alla í kringum

sig. „Það er ekki til dómharka í henni og það er eitthvað til að dást að, nú til dags. Hún er líka ekki hrædd við að hlæja að sjálfri sér en rífur aldrei aðra niður. Hún er einfaldlega alltaf hress.“

Einlægni Ólafíu skín í gegn í öllum viðtölum sem eru tekin við hana og Lilja segir að hún hafi raun ekki breyst síðan í áttunda bekk. „Hún er nákvæmlega eins og þegar ég kynntist henni,“ leggur Lilja áherslu á. „Kannski er eini munurinn að hún er með mun meira sjálfs-traust. Það skín af henni. En það er ekki að finna hroka í henni, eins og maður býst við af fólki sem nær langt. Ólafía er jarðbundin, það er best að lýsa henni þannig.“



HÚN ER NÁKVÆMLEGA EINS OG ÞEGAR ÉG KYNNTIST HENNI. KANNSKI ER EINI MUNURINN AÐ HÚN ER MEÐ MEIRA SJÁLFS-TRAUST. ÞAÐ SKÍN AF HENNI.

Ólafía lifir í núinu



Thomas Bojanowski er unnusti Ólafíu en þau hafa verið í sambandi í hálf títta ár. Þau kynntust í Wake Forest háskólanum í Bandaríkjunum, þar sem þau voru bæði við nám. Thomas er þýskur en er nýútskrifaður úr MBA-námi í Háskólanum í Reykjavík.

„Ég held að ég hafi eytt meiri tíma á Íslandi síðustu árin en hún,“ segir hann í léttum dúr. Tomas lýsir Ólafíu sem manneskju sem auðvelt er að umgangast og áhyggjulausri.

„Sem er gott því ég er þýskur og finnst gott að gera áætlanir fram í tímann. Hún tekur

hins vegar öllu með mikilli yfirvegum og ró og er laus við að taka með sér áhyggjur inn í næsta dag. Hún nær að lifa í núinu sem er mikill kostur fyrir hana sem íþróttamann.“

Thomas segir að fyrir utan íþróttina sé fjölskyldan í fyrsta sætinu. Litlu frændsystkinin hennar og litla frænka hans í Þýskalandi eigi hug hennar allan í heimsóknum. „Fjölskyldan er númer eitt. En hún grípur í gítar og les líka. Svo stundar hún oft hugleiðslu, ekki aðeins fyrir golfið heldur líka lífið almennt.“

Thomas rekur sitt eigið fyrirtæki og fær því tækifæri til að ferðast með Ólafíu hvert sem hún fer. „Það eru mikil forrættindi að geta unnið hvar sem er og nýttist okkur mjög vel. Ég geri ráð fyrir því að ferðast áfram með henni út árið.“



HÚN TEKUR ÖLLU MEÐ MIKILLI YFIRVEGUM OG RÓ OG ER LAUS VIÐ AÐ TAKA MEÐ SÉR ÁHYGGJUR INN Í NÆSTA DAG. HÚN NÆR AÐ LIFA Í NÚINU SEM ER MIKILL KOSTUR.



HELGIN

LAUGARDAGUR 5. ÁGÚST 2017

Helgin



Þegar Katrín Sif var 22 ára gömul ákvað hún að ferðast til 200 landa fyrir þritugt. Í dag er hún rúmlega þritug og 208 lönd eru komin á listann.

[helgin →4](#)

SUMARLEIÐIN

11 GB

ENDALAUST TAL OG SMS
FYRIR AÐEINS

2.590 KR.

Á mánuði

SKRÁÐU ÞIG
Á 365.IS

365




Hafðís Huld hefur fundið leið til að sameina fjölskyldulíf í sveitinni tónlistarferli í útlöndum.

Leyfðu þér litla drauma

Hafðís Huld Þrastardóttir söngkona er nýkomin heim úr tónleikaferð til Kína og nýbúin að gefa út plötu. Hún leikur efni af nýju plötunni á Picnic tónleikum í Norræna húsinu klukkan þrjú á sunnudaginn. →2



Nýja platan heitir Dare to Dream Small, eða Leyfðu þér litla drauma, en titillinn vísar í að vera sátt við lífið eins og það er hverju sinni.



Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Framhald af forsiðu ➔

Fjórða platan mín, Dare to Dream Small, sem á íslensku gæti útlagst Leyfðu þér litla drauma, kom út núna á föstudaginn og ég fór í tónleikaferð um Bretland í apríl til að kynna hana," segir Hafðis Huld. „Fyrir mig er að koma til Bretlands eins og að koma heim því ég bjó þar svo lengi og á tryggja fylgjendur sem þekka mig og húmorinn minn. Við spiludum í gömlum kirkjum og menningarhúsum, mest lög af nýju plötunni og það var bara æðislegt. Síðan lá leiðin til Kína þar sem ég var að kynna efni af þremur fyrstu plötunum mínum því nýja platan kemur ekki út þar fyrr en á næsta ári. Það gekk mjög vel og ég reikna með að fara meira til Asíu á næstunni.“

Hafðis Huld flutti til Íslands fyrir sjö árum og býr nú í Mosfellsdal ásamt manni sínum Alisdair Wright, dóttur þeirra, hundi, ketti, kanínu og varphænum. Við tók það krefjandi verkefni að samræma fjölskyldulíf á Íslandi tónlistarferli í útlöndum. „Ég eignaðist dóttur mína 2012 og þá breyttist (auðvitað) ótrúlega margt. Ég var áður að halda allt að 200 tónleika á ári um allan heim en það gengur auðvitað ekki þegar þú



Í gróðurhúsinu í Mosfellsdal má hlúa að bæði grænmeti og draumum.

ert með barn. Stelpan mín var mjög óvær fyrstu árin og ég var mest í því að afboða tónleika og ekki viss hvort ég gæti haldið áfram í tónlistinni. Titill nýju plötunnar, Dare to Dream Small, vísar í það að fagna litlu hlutunum og ekki vera að biða eftir því að aðstæður verði fullkomnar, finna lausnir þegar lífið breytist. Með aukinni notkun samfélagsmiðla er eins og það sé vaxandi pressa í samfélaginu að vera alltaf að toppa sjálfan sig, að hlaupa lengra, elda flottari mat og vinna meira, þannig að á þessari plötu ákvað ég að vinna út frá hugmyndinni að vera sáttur við sitt. Þetta er allt spurning um hvernig maður ákveður að sjá hlutina, á erfiðu tímabili sá ég ekki fram á að geta látið tónlistarferilinn og móðurhlutverkið ganga upp saman, en í dag er ég orðin mjög æfð í að forgangsraða, velja og hafna. Tónleikaferðirnar eru bara aðeins meira

batteri núna, maðurinn minn spilar með mér og við förum þess vegna alltaf öll saman, með eina ömmu á hliðarlínunni. Það er auðvitað allt þyngra í vöfum og kallar á mun meira skipulag en ég búin að aðlaga tónlistarferilinn lífi mínu í dag. Lífið breytist og þá breytist maður sjálfur og þá breytist tónlistin líka.“

Hafðis hefur ekki spilað hérna heima í langan tíma en er að undirbúa tónleikaferð um Ísland í haust. „Og svo bauðst mér að halda tónleika í Picnic tónleikaferð Norræna hússins á sunnudaginn klukkan þrjú sem er fyrirtaks upphitun fyrir tónleikaferðina. Tónleikarnir verða haldnir í gróðurhúsi fyrir utan Norræna húsið og þar getur fólk bara fengið sér kaffi og köku og slappað af og hlustað. Þar langar mig að spila sem mest af nýju plötunni en svo fær auðvitað eitt og eitt af þessum eldri lögum að fljóta með.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:
365 miðlar

Ábyrgðarmaður:
Svanur Valgeirsson

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433



Deildarstjóri Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu

Landsbankinn auglýsir laust til umsóknar starf deildarstjóra Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu bankans, en deildin annast ráðgjöf til viðskiptavina um fjárfestingar í verðbréfum og lífeyrissparnaði. Verðbréfa- og lífeyrisþjónusta tilheyrir sviði Markaða en á sviðinu er að auki fyrirtækjaráðgjöf, eignastýring, einkabankaþjónusta og öll þjónusta sem snýr að sölu og miðlun verðbréfa.

Helstu verkefni

- » Yfirumsjón með starfsemi Verðbréfa- og lífeyrisráðgjafar
- » Ábyrgð á þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina á sviði verðbréfa- viðskipta og lífeyrissparnaðar
- » Að tryggja hámarksgæði og áreiðanleika í þjónustu deildarinnar
- » Ýmis tilfallandi verkefni á sviði eignastýringar

Hæfni og menntun

- » Háskólamenntun á sviði viðskipta-/hagfræði, eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- » Haldgöð reynsla af verðbréfamarkaði
- » Próf í verðbréfavíðskiptum er skilyrði
- » Frumkvæði og drifkraftur
- » Öguð vinnubrögð og hæfni til að leiða hóp
- » Framúrskarandi samskiptafærni

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Kristín Erla Jóhannsdóttir, forstöðumaður Eignastýringar, í kristin.e.johannsdottir@landsbankinn.is eða í síma 820 6595 og Bergþóra Sigurðardóttir starfspróunarstjóri í bergthora. sigurdardottir@landsbankinn.is eða í síma 410 7907.


Umsókn merkt *Deildarstjóri Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu* fyllist út á vef bankans. Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst næstkomandi.



Jafnlaunaúttekt
PwC

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is



Skjalastjóri óskast

Rannís óskar eftir skjalastjóra í 50% starf. Starfið felur í sér umsjón með skjalastjórnunarkerfi og skjalastjórnunarstefnu Rannís, þjónustu við starfsfólk stofnunarinnar, miðlun þekkingar og fræðslu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði skjalastjórnunar og/eða haldbær reynsla á sviði skjalastjórnunar
- Þekking á GoPro.net eða sambærilegu kerfi áskilin
- Skipulögð og öguð vinnubrögð og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð íslenskukunnátta
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli
- Góð samskiptafærni áskilin
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Samvirksemi og metnaður til að ná árangri í starfi með því að veita góða þjónustu

Upplýsingar um starfið veitir Herdís Þorgrímsdóttir, sviðstjóri rekstrar sviðs, herdis.thorgrimsdottir@rannis.is.

Umsóknarfrestur er til klukkan 16 fimmtudaginn 10. ágúst 2017

Umsækjendur sækja um starfið í gegnum heimasíðu Rannís: www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/ undir tenglinum: Skjalastjóri. Þar er einnig að finna nánari upplýsingar um starfið.

Hlutverk Rannís er að treysta stóðir íslensks þekkingarsamfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu. Rannís styður þekkingarsamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Stofnunin er náinn samstarfsaðili Vísinda- og tækniráðs, en hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd Vísinda- og tæknistefnu ráðsins. Stofnunin leggur áherslu á samstarf stjórnvalda og hagsmunaaðila.



Starfsmaður í afgreiðslu

Tékkland bifreiðaskoðun óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu í fullt starf á skoðunarstöð fyrirtækisins í Borgartúni.

Hæfniskröfur:

- ✓ Almenn tölvukunnátta
- ✓ Rík þjónustulund
- ✓ Finnst gaman að vera í vinnunni

Nánari upplýsingar veitir Birgir Hákonarson í síma 665-9900

Umsókn með upplýsingum um menntun og reynslu skal skila á netfangið birgir@tekkland.is fyrir 15. ágúst 2017



Borgartúni / Haltagörðum / Reykjavíkurvegi / Akureyri / Sími 414 9900



MOSFELLSBÆR

Forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar

MOSFELLSBÆR LEITAR AÐ ÖFLUGUM STJÓRNANDA Í STARF FORSTÖÐUMANNS ÞJÓNUSTU- OG SAMSKIPTAÐEILDAR.

Forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar hefur yfirumsjón með samskiptum og upplýsingamiðlun fyrir Mosfellsbæ. Hann hefur yfirumsjón með stjórnáslu bæjarins. Hann ber ábyrgð á upplýsingagjöf, samhæfingu upplýsingarmiðlunar sem og ímyndar- og kynningarmálum og tekur þátt í stefnumótandi ákvörðunum og eftirfylgni því tengt. Hann tekur að sér verkefnastjórn og utanumhald ýmissa verkefna sem til falla á fag- og stoðsviðum bæjarins. Helstu málaflokkar undir stjórn hans eru kynningar-, menningar- og þjónustumál, skjalavarsla og almenn stjórnáslu.

Forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar heyrir beint undir bæjarstjóra. Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi skilyrði, framhaldsmenntun æskileg
- Haldbær reynsla í verkefnastjórnun og skipulagningu viðburða er skilyrði
- Framúrskarandi tölvukunnátta og þekking á helstu forritum er skilyrði
- Góð íslenskukunnátta og færni í ræðu og riti auk reynslu af miðlun upplýsinga
- Framúrskarandi samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þekking á skjalavistunar- og vefumsjónarkerfi er æskileg
- Reynsla af stefnumótunarvinnu og innleiðingu er æskileg
- Þekking á opinberri stjórnáslu/málefnum sveitarfélaga er æskileg

Umsóknarfrestur er til og með 13. ágúst 2017.

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið mos@mos.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Hanna Guðlaugsdóttir, mannauðs- stjórnari, í síma 525 6700. Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.



Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Flataskóli

- Deildarstjóri á eldra stigi
- Leikskólakennari
- Skólaliði
- Stuðningsfulltrúi
- Leiðbeinandi á tómsundaheimili

Hofsstaðaskóli

- Umsjónarkennari
- Skólaliði
- Stuðningsfulltrúi
- Leiðbeinandi á tómsundaheimili

Akrar

- Leikskólakennari

Bæjarból

- Leikskólakennari
- Starfsmaður í eldhúsi

Jónshús – félagsmiðstöð fyrir eldri borgara

- Starfsmaður – 50% starf

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar á www.gardabaer.is.



GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

REYKJAVÍKURBORGAR

HULDA ÆTLAR AÐ VERÐA ROKKARI

LANGAR ÞIG AÐ VINNA MEÐ FRAMTÍÐ LANDSINS?

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar óskar eftir fólki til starfa við fjölbreytt störf með börnum og unglingum.

Undir skóla- og frístundasvið heyra:

- LEIKSKÓLAR
- GRUNNSKÓLAR
- FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVAR

Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is/laus-storf/sfs

SKÓLA- OG
FRÍSTUNDASVIÐ





Tæknilegir ráðgjafar

Hjá AGR Dynamics starfar öflugur hópur sérfræðinga við hugbúnaðarþróun, þjónustu og ráðgjöf í vörustjórnun fyrir alþjóðlegan hóp viðskiptavina. Vegna aukinna verkefna óskum við eftir sérfræðingum til starfa á skemmtilegum vinnustað við spennandi og krefjandi verkefni.

Tæknilegur ráðgjafi

- Stjórnun verkefna fyrir alþjóðlegan hóp viðskiptavina AGR
- Greining og úrlausn á flóknum verkefnum tengdum vörustýringu og áætlunargerð
- Tæknileg aðkoma að innleiðingu viðskiptalausna AGR
- Þekking og reynsla af Microsoft SQL forritun er kostur
- Háskólapróf á sviði verkfræði, tölvunarfræði, viðskiptafræði eða sambærileg menntun er skilyrði

SQL sérfræðingur

- Greining og úrlausn verkefna með T-SQL forritun fyrir alþjóðlegan hóp viðskiptavina
- Tæknileg aðkoma að innleiðingu viðskiptalausna AGR
- Viðkomandi mun taka þátt í þróun viðskiptalausna AGR með áherslu á gagnagrunnsenda
- Þekking og reynsla af Microsoft SQL forritun
- Háskólapróf á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða önnur sambærileg menntun er skilyrði

Umsækjendur skulu senda upplýsingar um menntun og starfsreynslu á job@agr-dynamics.is fyrir 14. ágúst. Nánari upplýsingar veitir Haukur Hannesson, framkvæmdastjóri í síma 512-1000. Fullum trúnaði heitið.

AGR Dynamics er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrtæki sem hefur frá stofnun, árið 1997, þróað eigin lausnir til hagræðingar í rekstri aðfangakeðjunnar. Á skrifstofum okkar á Íslandi, Bretlandi og í Danmörku starfa 50 manns sem þjónusta alþjóðlegan hóp viðskiptavina.

AGR Dynamics - Smáratorg 3 - 200 Kópavogur - s: 512 1000 - www.agrdynamics.is



Loftorka Reykjavík
óskar eftir verkamönnum
til jarðvinnuframkvæmda.

**Upplýsingar í síma 565 0875 eða
hjá Friðrik í sm 892 0525**

Loftorka Reykjavík ehf.
Miðhrauni 10
210 Garðabæ.



SUNDKENNARI – SUNDBJÁLFARI ÓSKAST



Sunddeild Fjölís óskar eftir sundkennara eða sundþjálfara til þess að starfa við Sundskóla Fjölís í samvinnu við Sunddeild Fjölís og yfirþjálfara.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sundi og þjálfara-störfum og sé jafnvel með menntun í íþróttfræði. Starfið felst í yfirumsjón með yngstu sundhópum félagsins.

**Nánari upplýsingar veitir, Ragnar Friðbjarnarson,
yfirþjálfari (raggifri@gmail.com) s: 864-0773.**

Umsóknir með menntun og starfsreynslu skal senda á netfangið sunddeildfjolnis@gmail.com



STARFSFÓLK ÓSKAST Í EFTIRFARANDI STÖÐUR:

- PRENTARI
- BÓKBINDARI/VÉLAMÆÐUR

Leitað er eftir duglegum, nákvæmum og handlögnum einstaklingum til starfa hjá Prentmet ehf, Lynghálslí 1. Þjálfun í boði fyrir rétta aðila.

Nánari upplýsingar veita framkvæmdastjóri mannauðsmála, ingasteina@prentmet.is, s. 856 0601, og framleiðslustjóri, gummiosk@prentmet.is, s. 856 0603.

Atvinnuumsókn er á

prentmet.is/um-okkur/atvinnuumsokn

Umsóknarfrestur er til 18. ágúst n.k.

Prentmet er framsækið fyrirtæki sem býður upp á heildarlausnir og hágæða prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Lögð er rík áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað.

heildarlausnir í prentun



Prentmet er framsækin prentsmíðja með höfuðstöðvar að Lynghálslí 1 í Reykjavík og útibú á Akranesi og Selfossi

HJÓLARAR! VILJIÐ ÞIÐ TAKA RÆKTINA Í VINNUNNI?

Fréttablaðið óskar eftir hjólreiðafólki til að dreifa blaðinu í verslanir og veitingahús í miðbæ Reykjavíkur.

Vinnutíminn er frá 8:00 til 12:00,
mánudaga til laugardaga.

Fréttablaðið leggur til hjól.

**Umsóknir vinsamlegast sendist á
starf@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ



SÖLUDEILD**Egill Arnason****STARFSMAÐUR MEÐ YFIRBURÐA ÞJÓNUSTULUND ÓSKAST Í SÖLUDEILD****HÆFNISKRÖFUR:**

- YFIRBURÐAR ÞJÓNUSTULUND
- VILJITIL AÐ FARA FRAM ÚR VÆNTINGUM VIÐSKIPTAVINA
- SKIPULAGSHÆFILEIKAR OG STUNDVÍSI
- ALMENN TÖLVUKUNNÁTTA

VINNUTÍMI: 9-18 VIRKA DAGA OG ANNAN HVERN LAUGARDAG 11-15

EGILL ÁRNASON ER LEIÐANDI FYRIRTÆKI Á SÍNU SVIÐI. GÆÐI OG KRÖFUR ER AÐALSMERKI FYRIRTÆKISINS.

UMSÓKNIR ÓSKAST SENDAR Á AE@EGILLARNASON.IS

**Starfatorg.is**

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Starfsmaður	ÁTVR, Vínbúðin	Patreksfjörður	201708/1251
Þjónustufulltrúi	Tryggingastofnun	Reykjavík	201708/1250
Skjalastjóri	Tryggingastofnun	Reykjavík	201708/1249
Sérfræðingur í endurhæfingart.	Tryggingastofnun	Reykjavík	201708/1248
Starfsmaður á heilsugæslu	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Blönduós	201708/1247
Flutningastarfsmaður	Landspítali	Reykjavík	201708/1246
Deildarritari á bráðadeild	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	201708/1245
Félagsráðgjafi	Vinumálastofnun	Reykjavík	201708/1244
Verslunarstjóri	Vínbúðin, ÁTVR	Húsavík	201708/1243
Landvörður	Umhverfisstofnun	Landið	201707/1242
Framkvæmdastjóri	Dómstólasýslan	Reykjavík	201707/1241
Geislafræðingur	Geislavarnir ríkisins	Reykjavík	201707/1240
Starfsmaður	ÁTVR, Vínbúðin	Húsavík	201707/1239
Vaktstjóri	Vegagerðin	Ísafjörður	201707/1238
Aðstoðardeildarstjórar	Landspítali, sýklafræðideild	Reykjavík	201707/1181
Stuðningsfulltrúi	Flensborgarskólinn	Hafnarfjörður	201706/1097



SALES DIRECTOR MAREL FISH

Marel is seeking a new Sales Director for the Fish industry. The Sales Director reports directly to the Managing Director of Fish and is a part of the global Fish industry management team. The primary location is either in Iceland or Denmark. The role requires extensive international travel.

Role

The Sales Director is the strategic and operational leader of the Marel Fish international sales team. The position requires experience with complex deals of significant scope and size, the ability to build and manage daily sales, drive sales results with consultative selling and strong selling methodologies while managing sales costs and team planning. The role requires a forward-thinking sales leader with experience in leading people, motivating teams and planning and executing sales strategy.

Responsibilities

- Manage, coach and support a multi-functional, global sales team.
- Drive rigorous sales execution to achieve global sales targets and margins for the industry.
- Provide strategic leadership and alignment of all regional sales, product sales and their associated tasks, including sales engineering, support and project functions.
- Direct, plan and implement policies, objectives and activities to ensure operational efficiency, maximum returns on investments and peak productivity.
- Build and maintain relationships with key customers with on-site visits and pro-active communication on a regular basis.
- Represent the company, when necessary, in negotiations with customers to secure the most effective contract terms for the company.

Qualifications

- A university degree (e.g. engineering, business administration or related field).
- Management experience, including a minimum of 5 years in a senior management position in an international, innovative and technical environment.
- In depth knowledge of the fish industry and a strong network in same is a necessity.
- Strong negotiation skills, experience in working in a multicultural environment and an understanding of strategic negotiations with people of different cultures.
- Leadership and coaching skills.
- Excellent command of spoken and written English, other languages skills are an advantage.

Contact information

For more information please contact Dagmar Viðarsdóttir, HR manager after August 13th, tel. 825-8234. Please submit your application no later than August 20th, 2017. **Applications are accepted exclusively through the Marel website, marel.com/jobs.**

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með hátt í 4700 starfsmenn, þar af 550 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaíðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkur öflugar konur og karla sem hafa áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Starfsumhverfið er fjölskylduvænt, vinnutíminn er sveigjanlegur, félagslífíð gott, lögð er áhersla á heilsuefingu starfsfólks m.a. með góðu mótuneyti og framúrskarandi íþróttaaðstöðu.





AÐSTOÐARMAÐUR SVIÐSSTJÓRA

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða aðstoðarmann sviðsstjóra fræðslu- og frístundarþjónustu. Mikilvægt er að viðkomandi hafi mjög góða skipulags- og greiningarhæfni og brennandi áhuga á mannauðsmálum og stjórnsýslu.

Helstu verkefni

- Stýrir almennum rekstri skrifstofu sviðsstjóra og tekur þátt í stjórnun
- Er samhæfingaraðili sem hefur yfirsýn yfir stjórnsýslu sviðsins og styður við eftirlits- og þjónustuhlutverk þess
- Tekur þátt í undirbúningi funda fræðsluráðs og ritar fundi sviðsstjóra
- Umsjón með rannsóknnum, greiningum og tölfraeðiúrvinnslu
- Umsjón með upplýsinga- og kynningarmálum í samráði við samskiptastjóra
- Kemur að mannauðsmálum í samvinnu við mannauðsstjóra og sviðsstjóra
- Sinnir sérverkefnum í umboði sviðsstjóra

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leik- eða grunnskólakennaramenntun eða önnur uppeldisfræðileg menntun
- Stjórnunarmám s.s. mannauðsstjórnun, stjórnun menntastofnanna eða opinber stjórnsýsla
- Reynsla af stjórnun og mannauðsmálum
- Samskipta- og samstarfshæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og góð skipulagshæfni
- Góð ensku- og íslenskukunnátta í ræðu og riti
- Almenn tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 15. ágúst nk.

Nánari upplýsingar veitir Fanney D. Halldórsdóttir, sviðsstjóri: fanney@hafnarfjordur.is
Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um starfið.

HAFNARFJARÐARBÆR
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

585 5500
hafnarfjordur.is



Starfsmaður á lager / útkeyrsla

Fyrirtæki á sviði innflutnings á tækjum og búnaði fyrir veitingahús og matvælaíðnað óskar eftir að ráða starfsmann á lager sem og útkeyrslu.

Leitað er að einstaklingi með reynslu af sambærilegum störfum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir óskast sendar á: asgeir@geirief.is



Bildshöfði 16 | Sími 511-2030 | www.geirief.is

SÖLUMAÐUR

SÖLUMAÐUR ÓSKAST Í HÚSGAGNAEILD OKKAR Á SMÁRATORGI

Active Liver virkar vel fyrir Jónu.



sjúkraliði að mennt og er meðvituð um líkamsstarfsemi og veit að fita getur safnast á lifrina, þess vegna vildi ég prófa.“

Hún segist fljótt hafa fundið mun á sér. „Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd, enda inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum. Ég er í vinnu þar sem ég þarf að vera mikið á ferðinni, ég er í góðu formi, og hef trú á að Active Liver virki fyrir mig. Einnig finn ég mikinn mun á húðinni, hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri,“ segir Jóna. Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin.

Morgundagurinn verður betri með After Party

Náttúruleg lausn við timburmönnum



Aminósýrur, Rósepli, Cactus extract, öflug blanda af B-vítamínunum og Magnesiumum.

Virkar vel gegn þynnku

2 töflur fyrir fyrsta drykk
2 töflur fyrir svefn

Fæst í apótekum og heilsuhillum verslana

Sér hamingjuna í litlu hlutunum

Þegar Katrín Sif var 22 ára gömul ákvað hún að ferðast til 200 landa fyrir þrítugt. Í dag er hún rúmlega þrítug og 208 lönd eru komin á listann. Fram undan eru heimsóknir til fáfarinna eyja í Kyrrahafi og til Mið-Asíu og Mið-Afríku.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Það eru sjálfsagt fáir, ef einhverjir, Íslendingar sem hafa ferðast jafnviða og Katrín Sif Einarsdóttir. Aðeins 22 ára gömul setti hún sér það markmið að ferðast til 200 landa áður en hún yrði þrítug. Í dag er hún orðin þrítug og löndin orðin 208 samkvæmt

talningu hennar en hún telur einnig lönd sem ekki eru skilgreind sem sjálfstæð ríki, t.d. Grænland, Skotland, Færeyjar og Taívan.

Katrín Sif fæddist á Íslandi en ólst upp í Kanada. „Ég byrjaði að ferðast ein þegar ég var 18 ára en stundaði þó mikla útveru sem barn og unglingur. Til 21 árs aldurs ferðaðist ég mest til Suður-Ameríku og Asíu. Sem dæmi má nefna að þegar ég var 19 ára bjó ég um fjögurra mánaða skeið á skipi sem sigldi kringum heiminn.

Ferðin hófst í Mexíkó og þaðan sigldum við yfir Kyrrahafið gegnum Asíu og Afríku, þaðan til Evrópu og svo yfir Atlantshafið til Flórída.“

Þrátt fyrir mikil ferðalög hefur Katrín Sif lokið tveimur BA-gráðum, í heimspeki og frönsku, og hefur lokið tveimur meistara-gráðum, í umhverfis- og auðlindafræði og í íslensku. „Þess á milli hef ég unnið á veitingastöðum, bæði heima og erlendis, og starfað við skriftir milli ferðalaga. Ég sé mig



Katrín Sif í God's Window, sem er einn af hápunktum Suður-Afríku. Útsýnið þar er stórkostlegt.

Á hestbaki á fallegri strönd á Antígvaeyju, sem liggur á mörkum Karíbahafs og Atlantshafsins.

samt mest sem hestakonu og starfa sem fararstjóri yfir sumartímann á hálendi Íslands auk þess starfa ég stundum sem smalakona á haustin fyrir austan og norðan.“

Pakklát fyrir öryggið heima

Í sumar fór hún til Kirgistan og Kasakstan og fór m.a. í átta daga hestaferð í Kirgistan. „Í haust langar mig að ferðast um Evrópu og læra um vinnframléiðslu. Seinna í vetur stefni ég á nokkrar eyjar í Kyrrahafinu sem afar erfitt er að ferðast til, t.d. Wallis og Futuna auk Tokelau. Á næsta ári langar mig hins vegar til að eyða nokkrum mánuðum í Mið-Afríku og læra smá arabísku. Einnig stefni ég á ferðalög til Mið-Asíu og nokkurra lýðveldi sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum og læra smá rússnesku.“

Eftir öll árin og fjölda landa er erfitt fyrir hana að benda á einhverja áfangastaði sem standa upp úr. „Árið 2016 heimsótti ég þó Norður-Kóreu og Afganistan sem komu bæði mjög á óvart. Það var mjög öruggt að ferðast um í Norður-Kóreu, landið var hreint og bauð upp á miklu fleiri spennandi staði en ég átti von á. Auðvitað leið mér alltaf eins og það væri verið að fylgjast með mér þannig að ég var aldrei viss um hvort ég væri að upplifa raunverulega Norður-Kóreu eða eitthvert leikrit. Afganistan er mjög fallegt land þar sem landsmenn eru mjög vingjarnlegir og gestrisnir. Líkt og með nágrenna þeirra í Pakistan hafa hryðjuverk og stríð gert það að

verkum að það er mjög stressandi að ferðast á þessum slóðum. Við slíkar aðstæður verð ég svo þakklát fyrir þann frið og öryggi sem ríkir heima á Íslandi.“

Lært mikið á flakkinu

Eftir að hafa ferðast um heiminn rúmlega helming ævi sinnar segist Katrín Sif hafa lært mikið um hvernig fólk hagar sér og á í samskiptum sín á milli. „Ég hef lært að vera mjög umburðarlynd, þolinmód og skilningsrík eftir því sem ég kynnist öðrum tungumálum, trúarbrögðum og ólíkum menningarheimum. Einnig hef ég lært að sjá hamingjuna í litlu hlutunum og að lifa einföldu lífi með átta kílóa bakpoka á bakinu stóran hluta árs. Þessi lífsstíll hefur kennt mér að vera ánægð með það sem ég hef hverju sinni. Þó er það þannig að sama hversu mikið ég ferðast, alltaf finn ég nýja og nýja spennandi áfangastaði.“

Þrátt fyrir að njóta þess að vera á ferðalagi fær hún stundum heimþrá. „Ég elska Ísland alltaf meira í hvert skipti sem ég kem til baka og út af ólíkum ástæðum. Samt tekst mér alltaf að kvarta yfir veðrinu! Ef það væri aðeins heitara hér, minni vindur og bjartari vetur myndi ég örugglega dvelja lengur hér á hverju ári.“

Fylgjast má með ferðalögum Katrínar Sifjar á bloggi hennar, nomadic-cosmopolitan.com, og á Instagram (nomadic_cosmopolitan).



Í heimsókn á eyjunni Mayotte sem er í Kómoreyjaklasanum í Indlandshafi, á milli Madagaskar og Mósambík.



HÓTELREKSTUR

— ALLT Á EINUM STAÐ —



SÆNGURVERASETT



HANDKLÆÐI



LÖK



HLÍFÐARDÝNUR



RÚMÁBREIÐUR



BORÐDÚKAR



SÁPUR



HÓTELVÖRUR



SLOPPAR OG INNISKÓR



VÍKING
BRUGGHÚS



GÖT

HEIMSRUMSÝNING
Á SAMA TÍMA OG Í USA
SUNNUDAGSNÓTT

KL. 01:00

ENDURSÝNING
MÁNUDAG

©2017 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.



MARGFALT SKEMMTILEGRI

1817 | 365.IS | **365**

TÍMAMÓT



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Þóru Guðrúnar Stefánsdóttur
Dalbraut 20.

Þóra Ólafsdóttir
Stefán Ólafsson
Kolbrún Ólafsdóttir
Sigrún Ólafsdóttir
Sólrún Ólafsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Ingunn Magnúsdóttir
Magnús Sigurðsson
Fjalar Kristjánsson
Gunnar Sigmundsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Halldóra Sigurgeirsdóttir
Hrólfsskálamel 8, Seltjarnarnesi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 29. júlí. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju, þriðjudaginn 8. ágúst kl. 15.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar LSH í Kópavogi og Karitas heimahjúkrunar fyrir alúð og umhyggju.

Reynir Erlingsson
Ingilaug Erlingsdóttir
Rúnar Erlingsson

Jóhann Kjartansson


Meirgættu, hlíju og virðing *Við andlát ástvinar*



Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn



Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Guðmundur Baldvinsson,
umsjón útfara

Útfarar- og lögfræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfara ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.



Útfararstofa kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | utfor.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

Gott að eiga eldri vini

Sverrir Þór Sverrisson, betur þekktur sem Sveppi, er fertugur í dag. Hann tekur því létt og hræðist aldurinn voða litið enda á hann fimmtugan vin sem er ágætur og alveg hress.

Gætir þú hringt aðeins seinna. Ég er að pakka fyrir Vestmannaeyjaferð en get talað við þig á leiðinni til skips," segir Sveppi þegar ég falast eftir afmælisviðtali. Hann er á háheidi inni þegar ég slæ á þráðinn aftur og segir þar kjöraðstæður fyrir viðtal. Kveðst vera með hluta af fjölskyldunni í bílnum. „Ég er kominn með unglíng, það verður að ferja hann til Eyja en peyjunum var skutlað upp í bústað til ömmu og afa. Þeir hafa það miklu betra þar.“

Þó Sveppi sé landsþekktur skemmtikraftur segist hann ekki ætla að skemmta neinum nema sjálfum sér í þessari ferð. Hann fer á þjóðhátíð á margra ára fresti. „Ég fór síðast 2007, áður fór ég 2000 og þar áður 1993.“ En ætlar hann ekki að halda upp á fertugsafmælið? „Það verður nú eitthvað voða rólegt. Við verðum hjá vinafólki í Eyjum og það er aldrei að vita nema maður rífi tappann úr einni rauðri og borði góðan mat. Ég er enginn voðalegur afmælisstrákur sko. Held þó alltaf aðeins upp á afmælið, býð einhverjum í mat og svona, bara til að fagna því að tíminn er að líða. Svo verður konan mín fertug í nóvember, þá höldum við kannski partí.“

Sveppi er þekktur fyrir fíflagang og býst við að halda honum áfram þó í gamalli þulu um aldur mannsins standi „fertugur fullþroskaður“. „Ég hræðist aldurinn voða litið, mér finnst bara gaman að verða fertugur. Svo á ég vin sem er fimmtugur og hann er ágætur og alveg hress. Það er stundum gott að eiga eldri vini, þá sér maður hvernig þetta verður. Ég er að fara til Íbisa að fagna fimmtugsafmælinu hans bráðum sem segir mér að það sé miklu meira stuð að verða fimmtugur.“

Önnur utanlandsferð er í kortunum því Sveppi elskar Rolling Stones og fer reglulega að hlusta á þá. „Þegar Stones ákveður að fara í tónleikaferðalag þá reynum við Ingvar bróðir alltaf að fara á stjá. Stones eru í Evróputúr og við þurfum bara að skjóttast til Stokkhólms í október og sjá þá þar. Það verður geggjað.“



Sveppi afslappaður þó að hann verði að fara að keyra af stað í veg fyrir Herjólf.

FRÉTTABLAÐIÐ/LAUFÉY

Nú er Sveppi beðinn að gera grein fyrir fjölskyldunni. „Unglingurinn hún Þórdís Katla verður fjórtán ára núna í ágúst. Bergur Ingi er tíu ára og svo er einn stubbur fimm ára sem heitir Arnaldur Flóki. Konan heitir Íris Ösp og er Bergþórsdóttir. Hún er fin. (Í lægri tón) Maður segir nú ekkert ljótt um hana meðan hún situr við hliðina á manni,

maður verður að halda henni góðri!“

Sveppi heldur áfram akstrinum því hann þarf að ná austur í Landeyjahöfn áður en skipið leggur úr höfn. „Ég óska honum til hamingju með afmælið og kveðst búa til smá greinarstúf um hann. „Það er gott,“ svarar hann. „Þá getur mamma klippt eitthvað út og sett á ísskápinn.“ gun@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jensína Jensdóttir
Grænuhlíð 8, Reykjavík,

lést á Landspítala Fossvogi laugardaginn 29. júlí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 8. ágúst kl. 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar A6 á Landspítala.

Sigfús A. Gunnarsson
Borghildur Gunnarsdóttir
Jens Þór Gunnarsson

Kristín Sigurgeirsdóttir
Viktoria Ann
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

Ólafur Guðmundssonar
Árbæ, Ísafirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hjúkrunarheimilinu Eyri, fyrir góða umönnun og hlýhug.

Auður Valdimarsdóttir og fjölskylda.



Ástkær systir okkar,
Sigrún Karólína Pálsdóttir
(Lilla)

lést föstudaginn 28. júlí. Jarðsungið verður frá Ytri-Njarðvíkurkirkju fimmtudaginn 10. ágúst kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Guðrún Pálsdóttir
Loftur Pálsson
Sigurbjörn Pálsson
Þórir Pálsson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, amma og langamma,

Lilja Gunnarsdóttir
Birkihvammi 21, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð miðvikudaginn 2. ágúst. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 11. ágúst klukkan 11.

Sigurjón Antonsson
Anton Smári Sigurjónsson
Andri Snær Sigurjónsson
Stefán Friðleifsson
Hildur Friðleifsdóttir
barnabörn og langömmubarn.



Egill Heiðar gekk á Bardaga við Álftafjörð í fyrradag, ásamt Önnu Lind Ragnarsdóttur, sem var einn af stofnfélögum Geisla þegar hún var 13 ára gömul og síðar formaður. MYND/MAGNEA GÍSLADÓTTIR

Fertugur Geisli í Súðavík

Ungmennafélagið Geisli í Súðavík heldur fertugsafmælisgleði um helgina, samhliða gönguhátíð á staðnum. Egill Heiðar Gíslason veit allt um félagið.

Ég átti heima í Grund í Súðavík þegar við réðumst í að stofna Ungmennafélagið Geisla sumarið 1977. Var búinn að læra félagsmálafræði í Samvinnuskólanum á Bifrost og vildi nýta það til að koma einhverju skemmtilegu í framkvæmd með áhugasömu fólki í minni heimabyggð,“ segir Egill Heiðar Gíslason, starfsmaður hjá Íbúðalánasjóði, sem var fyrsti formaður Geisla.

„Það var mikill áhugi á fótbolta í Súðavík á þessum tíma, við höfðum aðstöðu á 40 metra þýfðu túni og allir aldurshópar af báðum kynjum æfðu þar. Fyrsta verkefni hins nýja félags var því að berjast

Við höldum Geislahátíðir inni í Álftafjarðarbotni, þar var farið í gönguferðir, veitt og buslað í Seljalandsánni, sungið og dansað. Þetta voru skemmtilegar stundir.

fyrir almennilegum íþróttavelli. Svo var áhugi fyrir skák, borðtennis og síðan voru spilavist, jólatrésskemmtanir og fleira á dagskránni. Starfsemin þróaðist í allar áttir. Við höldum Geislahátíðir inni

í Álftafjarðarbotni, þar var farið í gönguferðir, veitt og buslað í Seljalandsánni, sungið og dansað. Þetta voru skemmtilegar stundir.“

Stofnfélagar voru 37 af báðum kynjum, flestir innan við fertugt, að sögn Egils Heiðars sem segir félagið hafa elst vel og hafa verið haldið uppi af öflugum fólki. Hann segir Geisla hafa látið sig varða umhverfisvernd og marga hluti í heimabyggð og verið kjölfesta og lyftistöng í félagslífinu.

Afmælisdagskráin hefst klukkan 14 í Samkomuhúsi Súðavíkur og þar verður dansað fram á rauðanótt.

gun@frettabladid.is



†
Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
Kristján Jóhann Ólafsson
húsgagnabólstrari,
sem lést á heimili sínu þann 26. júlí síðastliðinn, verður jarðsunninn frá kirkju Óháða safnaðarins, þriðjudaginn 8. ágúst kl. 13.00.

Jórunn Anna Sigurjónsdóttir
Anna Hlíf Reynisdóttir
Ólafur Kristjánsson
Sigurjón Ívarsson
Friða Kristjánsdóttir
Jón B. Sveinsson
Ásta G. Björnsdóttir
Ragnar Reynisson
barnabörn og barnabarnabörn.



†
Ástkær systir okkar,
Arna Hrönn Pálsdóttir
Þorláksgæisla 1, Reykjavík,
lést á líknardeild Landspítalans 3. ágúst sl. Útför verður auglýst síðar. Þeim sem vildu minnast hennar er vinsamlega bent á Ljósíð, stuðningsfélag fyrir krabbameinsgreinda, rnr. 0130-26-410520, kt. 590406-0740. Hugheilar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar fyrir einstaka umönnun og hlýja nærveru.

Gunnlaug Dröfn Pálsdóttir
Ragnheiður Líney Pálsdóttir
Snorri Karl Pálsson
Þyrnir Hálfðanarson
Jóna Magnea Hansen
og systkinabörn.



†
Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Guðjón Petersen
fyrirv. framkvæmdastjóri
Almannavarna ríkisins,
lést á hjúkrunarheimilinu Mörk síðastliðinn miðvikudag, 2. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

Lilja Benediktsdóttir
Ragnhildur Guðjónsdóttir
Lárus Petersen
Hjálmar Jónsson
Sigrún Ólafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



†
Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,
Lárus Sigurgeirsson
húsgagnasmíðameistari,
Fálkagötu 30,
síðast til heimilis á
Hrafnistu í Reykjavík,
lést þriðjudaginn 1. ágúst. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju þann 17. ágúst kl. 11.00.

Gunnar Lárusson
Lilja Hrönn Gunnarsdóttir
Bryndís Gunnarsdóttir
Ingvi Brynjar Ingvason
Erna Reynisdóttir
Mikael Páll Pálsson



†
Elsku mamma okkar, tengdamamma og amma,
Sigríður Sigurðardóttir

lést á líknardeild Landspítala sunnudaginn 30. júlí. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 11. ágúst kl. 13.

Fjölskyldan vill þakka starfsfólki líknardeildar fyrir einstaka alúð og umhyggju.

Birna Helgadóttir
Tryggvi Helgason
Halla Helgadóttir
Kristbjörn Helgason
og barnabörnin Sæmundur, Sölvi, Kári, Auður Halla, Egill Smári, Yrsa, Styrmir, Ragna, Þórdís, Helgi Týr, Júlía Helga, Jakob Leifur og Jóel Benedikt
Rögvaldur Sæmundsson
Ásta Katrín Hannesdóttir
Snorri Sigurðarson
Inga María Leifsdóttir



†
Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,
Ingibjargar Ringsted
viðskiptafræðings,

sem jarðsunninn var frá Akureyrarkirkju 1. ágúst sl. Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahlýnningar á Akureyri, göngudeildar FSA og deildar B6 á Landspítalanum í Fossvogi fyrir ómetanlegt starf og umönnun.

Valmundur Pétur Árnason
Baldvin Ringsted
Árni Már Valmundarson
Pétur Örn Valmundarson
Stefán Emir Valmundarson
Svandís Jóhannsdóttir
Kolbrún Gígja Gunnarsdóttir
Hlín Ólafsdóttir
Ragnheiður Emílija Auðunsdóttir
barnabörn.



†
Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og sonur,
Guðni Magnússon
húsasmíður,
Seiðakvísl 4,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk laugardaginn 29. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 10. ágúst klukkan 15.00.

Alma Bergsveinsdóttir
Janus Freyr Guðnason
Magnús Már Guðnason
Kári Guðnason
Nanna Ýr Arnardóttir
Þórunn Sigurðardóttir
Sigurros B. Sigvaldadóttir
barnabörn
Margrét Magnúsdóttir



†
Bróðir minn og frændi okkar,
Elias Ólafur Guðmundsson
fyrirverandi eigandi Nylonhúðunar,
lést á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 3. ágúst.

Bryndís Guðmundsdóttir
Sesselja Svansdóttir
Kristín Svansdóttir
Tryggvi Svansson
og frændfólk.



†
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Þórunn Ólafsdóttir
frá Hellulandi,

lést mánudaginn 31. júlí á Dvalarheimili aldraðra Sauðárkróki. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju miðvikudaginn 16. ágúst kl. 14.00.

Börn, tengdabörn og fjölskyldur.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.




KROSSGÁTA & ÞRAUTIR

LÁRÉTT

- Frjáls en þó fastur en þó ekki mjög (11)
- Útbúum nýjar kollur fyrir þær sem skemmdust (10)
- Hertaka landið undir vígvellinum (11)
- Skollaskarinn er burkni, melgresið ekki (10)
- Þau gista nú samt, þótt þau skammist og rugli (7)
- Vel vinnuráðgjafa úr hópi hinna sérfróðu (12)
- Lærði spil af víkingi, það er blanda af þjöfi og manna (9)
- Velgi það sem varma lýtur (9)
- Hnúkurinn angar einsog blómið nafni hans (12)
- Mæti og tala og tala um eðluna (7)
- Ji, súkkat! segir sú gigtveika í uppnámi (8)
- Held ég skjótist í þennan róður, skotferðin getur beðið (13)
- Erfið flaska við ómjúkt svell (8)
- Eitt par sá bílana með brotnu ljósin (8)
- Sparkaði þeim sem þekkir garminn (7)
- Sjótímabil mótast af veðri (7)
- Fanga flatfisk (7)
- Ansvíti er tvöfalt víti vont (7)
- Braggi mun brjóta (6)
- Tilbúningstæki fyrir hraðlyginn (7)
- Norðurstefna bendir til suðrænu (9)
- Ræðum sæmd og sekt og tryllum fisk (6)
- Af tommustokkum og tíma-mótum (7)

LÓDRÉTT

- Teygðar tommur og framlengd fet (15)
- Má gefa krakka gums í krukku fyrir hálf-sárskoðun? (11)
- Af sviðnum lindum (7)
- Óreynd elska hinn sem var að andast (7)
- Stinnir hræra í þeirri sem næst er miðju (7)
- Kvað ég ní við skán og skít (7)
- Á leiðinni niður mundi ég eftir sósupuminu (8)
- Tel ákvæðið um broddstafa auka sukkið (8)
- Vigta hálkubana fyrir götur og leiktæki (8)
- Dimma nær dalbotni sveitar sem enginn sér (8)
- Hver hefur kraft til að klára? Jú, Akureyrarlið! (7)
- Varla einn rómverskur, og þá bara sá minnsti (8)
1. sæti: Leikrit sem heitir Klukka (9)
- Hafði hnúða og hópa, en ekki hneslu (9)
- Riðum eftir þursabit en höldum bitinu (8)
- Kallaður Smjörvi, enda alltaf aðeins í'ði (8)
- Sæki ýtuna fyrir vin, þetta er þannig verk (8)
- Leita stærstu hundanna meðal litlu tittanna (6)
- Rannsaka flóta þröngu pilsanna (10)
- Snið loka til að loka buxnaþúð (8)
- Ruglast á stækkandi kaunum (6)
- Það er ekkert gott við þessa vísbendingu (6)
- Syngur að skilnaði (6)
- Ein æð fyrir margar í rafeindaheila (6)
- Smá saltmengun og Tesla fer út af sporinu (5)
- Lyktum af þessum greinum (5)
- Hvað segir fólk um fjarskiptafyrirtæki? (5)



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem skortur er á. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 10. ágúst næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „5. ágúst“.

Lausnarorð síðustu viku var **PENINGAÞVÆTTI**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÉTT

		2	8				1	
	8	3			6		5	9
				3				
		8		4			1	
	4		9	7			5	
3	5		6	2			8	4
	9	4			7			5
1	7		3					6
2			4		9	7		

MIDLUNG

	5		4		1	2		3
8		2						5
	6		5					9
				3	5			
	8	1		9		5	3	
			7	8				1
6		7			9			
3								6
	1		2					

ÞUNG

8				5	6			
		6	7	8			2	
		5						
				2			6	
2	4			3			8	
			5	4		9		1
	3	8				1		
1	6		4	9				
4			6				9	

7	9	2	4	1	5	3	8	6
5	6	1	3	7	8	2	9	4
4	3	8	6	9	2	7	5	1
3	4	9	5	6	7	1	2	8
6	1	7	8	2	3	9	4	5
8	2	5	9	4	1	6	3	7
9	8	3	7	5	6	4	1	2
1	5	6	2	3	4	8	7	9
2	7	4	1	8	9	5	6	3
7	2	9	6	3	4	5	8	1
6	5	3	7	8	1	9	2	4
8	4	1	9	5	2	3	6	7
4	3	2	5	1	6	8	7	9
5	7	6	2	9	8	4	1	3
9	1	8	3	4	7	2	5	6
3	9	7	1	2	5	6	4	8
1	8	5	4	6	3	7	9	2
2	6	4	8	7	9	1	3	5
8	1	7	9	6	3	4	2	5
9	5	2	4	7	8	3	6	1
3	6	4	2	1	5	7	8	9
1	4	6	3	9	7	8	5	2
2	7	3	5	8	6	1	9	4
5	8	9	1	2	4	6	3	7
7	2	5	6	3	1	9	4	8
6	9	8	7	4	2	5	1	3
4	3	1	8	5	9	2	7	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lódrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Skák

Gunnar Björnsson
Semenjuk átti leik gegn Seresveski í Sovétríkjunum árið 1972.
Hvítur á leik
1. Hxh7+! Kg8 2. Hh8+! Kg7 3. Dxf4 Rxf4 4. Hxb8 Rxd3 5. axb4 1-0. Magnus Carlsen vann Karjakin og var efstur eftir tvær umferðir á Sinquefield-mótinu ásamt Caruana og Vachier-Lagrave. Teft verður um helgina.



www.skak.is: Sinquefield-mótið

Bridge

Isak Örn Sigurðsson

DRAMATÍK

Margir bridgespilurar kannast við Spingold-keppnina sem háð er í Bandaríkjunum eða Kanada. Þar keppa margar af sterkustu sveitum heims. Um síðustu helgi spiluðu sterkar sveitir Lavazza (Norberto Bocchi, Antonio Sementa, Agustín Nicolas Madala, Alejandro Bianchedi, Giorgio Duboin, Dennis Cilleborg Bilde) og Diamond (John Diment, Brian Platnick, Boye Brogeland and Espen Lindqvist) til úrslita. Eftir tvær lotur af fjórum (15 spila lotur) voru ekki mikil tilþrif og sveit Diamond var með 12 impa forystu (65-53). Þá fór allt í háaloft. Sveit Lavazza vann yfirburðisigur í þriðju lotu með 56 impum gegn 3 og flestir héldu að það væri bara formsatriði að ljúka leiknum, enda forystan 41 impi og sveit Lavazza talin ein sterkasta sveit heims. Meðlimir Diamond voru ekki í uppgjafarhug og unnu stórsigur í fjórðu lotunni 53-7 og leikinn með 5 impa mun (121-116). Þetta var spil í síðustu lotu í leiknum. Suður var gjafari og allir á hættu:


Eftir pass frá Duboin í suður opnaði Diamond á einum tigli í vestur. Bilde stökk í 4♥ og Platnick doblaði. Diamond sagði 4 grönd til að benda á lauf einnig og Platnick 5♦ sem var auðvelt að standa. Samningurinn var 4♥2 niður á hinu borðinu og sveit Diamond græddi 9 impa. Austur (Bocchi) valdi að blanda sér ekki í sagnir eftir laufopnun vesturs og stökk norðurs (Lindqvist) í 4♥.

Norður
♠ 74
♥ ÁKG107653
♦ G
♣ 87

Vestur
♠ Á103
♥ 2
♦ D875
♣ ÁDG103

Austur
♠ DG98
♥ D98
♦ Á10932
♣ 2

Suður
♠ K652
♥ 4
♦ K64
♣ K9654



FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Uggur og andstyggð í Las Vegas** eftir **Hunter S. Thompson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Páll Helgason, Reykjavík**.



Innovation
that excites

Nissan X-Trail

SUMARTILBOÐ

Nissan X-Trail er einstaklega rúmgóður og þekktur fyrir glæsilegt útlit og ríkulegan búnað.



NISSAN X-TRAIL

Verð frá: **4.690.000 kr.**

Framhjóladrifinn, dísil, 1,6 l, sjálfskiptur.
Eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km*

490.000 kr.

KAUPAUKI FYLGIR NÝJUM X-TRAIL



Glugga- og húddhlíf



Heilsársdekk



Motta í skott



Style krómpakki



Losanlegur krókur

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Getur þú hjálpað Róberti að finna tólf bæjarnöfn í þessu stafarugli? Athugið að nöfnin geta verið skrifuð bæði lóðrétt, lárétt og á ská.

Á M Ó Í E P F É Þ N M Æ Þ T V Ý V R K
 Ú Á S X G Þ T Á K T H E Ó Ö E Ö S R R
 R J K R I Ó R H X E R V É Ð S L T Þ M
 P G N L L S Ý Í Ö Y P H M Ú T Y M E M
 S Á N E S T Y K K I S H Ó L M U R Þ H
 Æ V D V S S Ö N K G E U G Þ A Í O N É
 X F D Ý T K B L Ö N D U Ó S N N Í I K
 J M I G A L A O Í B F T Ö I N N T Y Ö
 V Í É H Ð L Ö U R S I O Ð T A É F A E
 Y H Ý Ö I Ú H Æ P Ð A R Þ J E X E L I
 E J Y S R Þ E S Á S E F E R Y J D R X
 V Á G U H E Y I T G T Y J É J D Y T A
 Ö D N E O G K J D Ú F A R Ö A E Í U Ð
 P T X Ö F S N N B F L Ú Ð I R Ö L Y Ý
 A G H A F N A R F J Ö R Ð U R Ð T O J
 V R Þ F F S E L F O S S K R R O U K X
 S Æ J D Á D Ö X Á A H A D K Ý Í E R Æ

Konráð og félagar á ferð og flugi

261

„Allt í lagi,“ sagði Kata. „Svo við ætlum að fara á Langanes. Norðurleiðina eða suðurleiðina?“ Róbert spertti sig. „Hvora leiðina sem er, ég þekki fjöllin eins og handarbakið á mér.“



„Heyrðu mig nú,“ sagði Kata byrst. „Ég er sko alls ekki að fara að klöngrast yfir fjöll og firnindi. Við keyrum og komum við í öllum bæjum þar sem eru sjöppur.“ Róbert var ekki hress með þetta. „Ég er líka viss um að þú gætir ekki nefnt tólf

bæjarnöfn á landinu þótt þú ættir lífið að leysa,“ bætti hún við ákveðin. „Og að auki munt þú örugglega lenda langt af leið eins og á Ísafirði eða Vestmannaeyjum.“ Róbert rétti úr sér rogginn: „Treystu mér, ég þekki þetta allt.“ Kata ranghvalfdi í sér augunum.

Hún taldi sig nú vita betur.

Brandarar

Júlía: Pabbi, eru ánamaðkar góðir á bragðið?
 Pabbi: Nei, Emilia mín. Af hverju spyrðu?
 Júlía: Vegna þess að þú varst að borða einn í salatinu úr garðinum.

Sigga: Hvernig gengur með bókinu sem þú varst að skrifa um sjálfstyrkingu og hugrekki?
 Palli: Bara vel. En ég hef bara ekki þorað með hana til útgefanda enn þá.

Gunnar þrammaði fram og aftur um gólfið á meðan hann blés í trompetinn. Að lokum gafst nágrenninn upp, bankaði hjá honum og sagði: „Þessi hávaði er alveg óþolandi.“ „Fyrirgefðu,“ svaraði Gunnar, fór úr skónum og hélt áfram að spila á trompetinn á sokkunum.

Regína: „Þjónn! Ég ætla að fá saltfisk.“
 Viltu portúgalskan eða íslenskan?
 Regína: „Það skiptir engu máli, ég ætla ekki að tala við hann.“



Lestrarhestur vikunnar

Baldur Logi Freysson

Hvað er skemmtilegast við bækur? Að lesa þær auðvitað!

Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún? Ég las fræðslubók um himingheiminn sem heitir einmitt Geimurinn.


Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér? Já, það var Baldur borar í nefið sem er mjög myndin bók.

Hvernig bækur finnst þér skemmtilegastar? Geimbækur.

Í hvaða skóla gengur þú? Hlíðaskóla. Ég er að fara að byrja í 2. bekk í haust.

Ferðu oft á bókasafnið? Já, nokkuð oft.

Hver eru þín helstu áhugamál? Nú að lesa bækur auðvitað!



Baldur Logi, sex ára, hlakkar til að lesa um Skúla skelfi.

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs meðal barna. Á bókasafninu skrifa þau nafn á áhuga-verðri bók sem þau hafa lesið á bókarkjöl ásamt nafni, aldri og símanúmeri. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.



Arngrímur Stefánsson sýnir ljósmyndara hvernig hann og Pelé gera þetta. FRÉTTABLAÐIÐ/LAUFÉY

Pelé er bestur og ég er með six-pack

Arngrímur Stefánsson er einn af fjölmörgum krökkum sem hefja sína grunnskólagöngu í haust en í sumar hefur hann haft í ýmsu að snúast enda fádæma kraftmikill og hress strákur. Arngrímur segist vera fimm ára gamall en að hann verði sex ára þann 18. september og að hann sé farinn að hlakka mikið til.

En hvað er Arngrímur búinn að vera að gera í sumar? Ég fór í sumarbústað rétt hjá Egilsstöðum og líka til Akureyrar þar sem við fórum í sund.

Arngrímur á tvo eldri bræður, þá Eirík og Bjart, svo það er oft mikið fjör. En eru þeir ekki búnir að skemmta sér vel í sumar? Jú, það er búið að vera mjög gaman. Það var samt skemmtilegast að fara til Egilsstaða og í sund á Akureyri. En svo horfði ég líka svona milljón snum á Svamp Sveinsson númer tvö sem er uppáhaldsmyndin mín af því að hún er svo rosalega skemmtileg.

Arngrímur æfir stundum fótbolta með Þrótti og hann ætlar að vera duglegur að æfa næsta vetur. Ég er mjög góður í fótbolta og uppáhalds fótboltamaðurinn minn er Pelé af

Á, ÉG ER OFT AÐ ÆFA MIG. ÉG ER LÍKA KOMINN MEÐ SIX-PACK VEGNA ÞESS AÐ ÉG ER AÐ ÆFA FÓTBOLTA OG ÉG ÆFI MIG MJÖG MIKIÐ.

því að hann er svo rosalega góður í fótbolta. Þess vegna reyni ég líka að gera eins og Pelé. Hann er bestur.

En ertu mikið fyrir að hreyfa þig og æfa fótbolta úti í garði? Já, ég er oft að æfa mig. Ég er líka kominn með six-pack vegna þess að ég er að æfa fótbolta og ég æfi mig mjög mikið.

En ertu ekki að fara að byrja í skólanum í haust? Jú, og ég er búinn að fá mjög flotta skólatösku. Í skólanum ætla ég að læra stærðfræði, læra að lesa og skrifa og vera úti í frímínútunum. Ég hlakka mikið til, alveg sérstaklega að leika mér í frímínútunum. – mg

FRÉTTABLAÐIÐ

Sumarleikur

Viltu vinna Fiat Tipo?

**Sendu okkur mynd af
þinni stund með Fréttablaðinu.**

Vertu með í sumarleik Fréttablaðsins þar sem þú átt möguleika á stórglæsilegum vinningum. Aðalvinningurinn er glæsilegur Fiat Tipo sem dreginn verður út 11.ágúst, fram að því eru dregnir út veglegir aukavinningar vikulega.

Það er einfalt að taka þátt


1. Taktu mynd af þinni stund með Fréttablaðinu.
2. Farðu inn á frettabladid.is/sumarleikur og sendu okkur myndina þína.

Taktu þátt á frettabladid.is/sumarleikur



VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Í dag er spáð hægum vindi eða hafgölu. Eitthvað lætur sólin sjá sig, en áfram eru líkur á skúrum, einkum síðdegis til landsins. Hiti um eða rétt yfir 15 stig þar sem best lætur.

Heimurinn

Kaupmannah. 18°	Oslo 20°	Stokkhólmur 19°	Gautaborg 16°	Helsinki 18°	Þórshöfn 11°	Nuuk 6°
London 17°	Amsterdam 19°	Paris 23°	Berlin 20°	Madrid 36°	Brussel 19°	Róm 39°
Boston 20°	New York 23°	Orlando 26°	Moskva 23°	Singapúr 28°	Tókýó 26°	Sydney 11°

Reykjavík

	Sunnudagur 11° ↘ 5	Mánudagur 10° ↘ 7	Þriðjudagur 10° → 3	Miðvikudagur 11° → 6	Fimmtudagur 11° ↑ 9
--	-----------------------	----------------------	------------------------	-------------------------	------------------------

Ísafjörður

	Sunnudagur 6° ↙ 4	Mánudagur 8° ↓ 4	Þriðjudagur 9° ↗ 7	Miðvikudagur 10° ↗ 8	Fimmtudagur 10° ↑ 6
--	----------------------	---------------------	-----------------------	-------------------------	------------------------

Akureyri

	Sunnudagur 6° ↘ 4	Mánudagur 6° ↓ 4	Þriðjudagur 10° ↘ 2	Miðvikudagur 11° ↗ 7	Fimmtudagur 12° ↗ 6
--	----------------------	---------------------	------------------------	-------------------------	------------------------


Egilsstaðir

	Sunnudagur 9° ↓ 4	Mánudagur 7° ↓ 5	Þriðjudagur 10° → 3	Miðvikudagur 9° ↑ 3	Fimmtudagur 13° ↑ 3
--	----------------------	---------------------	------------------------	------------------------	------------------------

Kirkjubæjarklaustur

	Sunnudagur 11° ↖ 3	Mánudagur 7° ↙ 6	Þriðjudagur 11° ↖ 2	Miðvikudagur 12° → 2	Fimmtudagur 11° ↑ 5
--	-----------------------	---------------------	------------------------	-------------------------	------------------------

Pondus



Geljan



Barnalán



VÍNBER RAUÐ

USA

449 KR
KG

ÁÐUR: 898 KR/KG

-50%




Ferskt og gott

nettó

OKKAR SÉRSVIÐ ER HÁRÆÐASLITSMEÐFERÐIR

HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA



PANTAÐU FRÍAN TÍMA
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098



Snyrtistofan Hafblik

Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

LAUGARÁS BÍÓ *midi.is*

THE DARK TOWER
IDRIS ELBA, MATTHEW MCCONAUGHEY
SÝND KL. 2, 6, 8, 10

VALERIAN
SÝND KL. 2, 4, 7, 10

ATOMIC BLONDE
CHARLIZE THERON, JAMES McAVOY
FORSÝNING LAUGARDAG KL. 10

WISH UPON
SÝND KL. 8

AULINNS EGG 3
ÍSL. 2D KL. 2, 4, 6

BABY DRIVER
SÝND SUNNUDAG KL. 10

SAMBÍÓINN SAMbio.is

Frá leikstjóra The Dark Knight þríleiksins, Inception og Interstellar

DUNKIRK
★★★★★ ENTERTAINMENT WEEKLY
★★★★★ THE HOLLYWOOD REPORTER
★★★★★ EMPIRE
★★★★★ VARIETY
★★★★★ TOTAL FILM
metacritic 94%
93%
A FILM BY CHRISTOPHER NOLAN

FUN MOM DINNER
Frábær grímynd

STORKURINN RIKKI
Frábær tekmmynd fyrir alla fjölskylduna
Sýnd með íslensku tali.

THE BLEEDER
BASED ON A TRUE STORY

DESPICABLE ME 3
Sýnd með íslensku tali í 2D og 3D

ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL	KRINGLUNNI
DUNKIRK KL. 5:40 - 8 - 9 - 10:20	DUNKIRK KL. 3:30 - 5:40 - 8 - 9 - 10:20	DUNKIRK KL. 3:40 - 6 - 8:20 - 10:40
DUNKIRK VIP KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	THE BLEEDER KL. 5:50 - 8 - 10:20	FUN MOM DINNER KL. 6 - 8 - 10
FUN MOM DINNER KL. 7 - 8 - 10:20	STORKURINN RIKKI ÍSL TAL KL. 3 - 5:50	STORKURINN RIKKI ÍSL TAL KL. 1:40 - 2 - 4 - 6
THE BLEEDER KL. 8	BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D KL. 3:30	BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D KL. 1:40 - 3:50
STORKURINN RIKKI ÍSL TAL KL. 2 - 3 - 4 - 6	THE HOUSE KL. 8	BAYWATCH KL. 10:40
AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D KL. 2 - 4 - 6	WONDER WOMAN 2D KL. 3 - 6	PIRATES 2D KL. 8
AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 3D KL. 3 - 5	BAYWATCH KL. 10	KEFLAVÍK
ALL EYJ ON ME KL. 10	DUNKIRK KL. 5:40 - 8 - 10:20	DUNKIRK KL. 8
THE HOUSE KL. 8	FUN MOM DINNER KL. 8	FUN MOM DINNER KL. 8
BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D KL. 3:20 - 5:40	THE BLEEDER KL. 10:20	THE BLEEDER KL. 10:20
WONDER WOMAN 2D KL. 10	STORKURINN RIKKI ÍSL TAL KL. 2 - 4 - 6	STORKURINN RIKKI ÍSL TAL KL. 4 - 6
	BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D KL. 3:20	VALERIAN 3D KL. 10:20
		AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D KL. 4 - 6

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU Eða APPELSÍNUGULU
KR. 950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

5. ÁGÚST 2017

Tónlist

Hvað? II / Adam Buffington, Zach Rowden
Hvenær? 21.00
Hvar? Mengi, Óðinsgötu
II fyrir kontrabassa og tónlistarmann. Höfundur: Adam Buffington. Kontrabassi, hljóð & hreyfingar: Zach Rowden. Frumflutningur á Íslandi. Miðaverð 2.000 krónur.

Hvað? Útihátið í bænum
Hvenær? 22.00
Hvar? Spot, Kópavogi
Greifarnir og Siggí Hlő halda árlega Útihátið sína á SPOT í Kópavogi um verslunarmannahelgina og er þetta í 8. sinn sem sú hátið fer fram. Hátiðin hentar vel þeim sem komast ekki úr bænum um helgina. Greifarnir með alla sína slagara í bland við aðra klassík og svo spilar Siggí Hlő öll hin lögín sem allir elska.

Viðburðir

Hvað? Draumar og fyrirboðar í vestfirskum Íslendingasögum
Hvenær? 16.00
Hvar? Kómedíuleikhúsinu, Ísafirði
Margrét K. Sverrisdóttir ræðir hlutverk hins yfirnáttúrulega í þremur Íslendingasögum sem gerast á Vestfjörðum.

Hvað? Hæglætishátið í Havarí
Hvenær? 11.00
Hvar? Havarí, Berufirði
Allt að gerast í Havarí um versló – í dag og kvöld er það jógganga, rófukast, kvöldvaka með varðeld og svo verður barinn opnaður.

Hvað? Hryllingskvöld – I Know What You Did Last Summer
Hvenær? 22.00
Hvar? Bíó Paradís, Hverfisgötu



Siggí Hlő spilar plötur á Spot á laugardaginn. Kannski akkúrat þessar plötur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Unglingahryllingurinn I Know What You Did Last Summer eftir handritshöfundinn Kevin Williamson (Scream) með unglingsstjörnunum Jennifer Love Hewitt, Sarah Michelle Gellar, Ryan Phillippe og Freddie Prinze Jr verður sýndur á sérstöku hryllingskvöldi í Bíói Paradís.

Sunnudagur

6. ÁGÚST 2017

Tónlist

Hvað? Buffington & Rowden
Hvenær? 21.00
Hvar? Mengi, Óðinsgötu
Adam Buffington & Zach Rowden nýta segulbönd, hljóðfæri, fundna hluti, spunann og leikhúsið í því skyni að rannsaka eðlileikann og fánleikann.

Hvað? Leikhúspærlur um verslunarmannahelgina – Stofutónleikar Gljúfrasteins
Hvenær? 16.00
Hvar? Gljúfrasteinn
Elmar Gilbertsson tenór, Guðrún Ingimarsdóttir söpran og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari standa fyrir tónleikum með yfirskriftinni Leikhúspærlur á stofutónleikum Gljúfrasteins á sunnudaginn. Á dagskrá tónleikanna eru lög úr leikverkum

BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Sing Street.....	18:00, 20:00
The Midwife.....	17:30
Heima.....	18:00
Who's Afraid of Virginia Woolf.. National Theatre.....	20:00
Eg Man Þig.....	20:00
I Know What You Did Last Summer.....	22:00
Hjartasteinn.....	22:15

eftir Halldór Laxness og Jónas Árnason ásamt erlendum lögum úr leikverkum eftir Oscar Hammerstein og Stephen Sondheim. Á meðal lagahöfundu eru Atli Heimir Sveinsson, Jón Ásgeirsson, Jón Múli Árnason og Leonard Bernstein. Miðaverð er 2.000 krónur.

Hvað? Piknikk tónleikar – Hafðis Huld
Hvenær? 15.00
Hvar? Norræna húsinu
Hafðis Huld spilar.

Hvað? 200.000 naglbítar
Hvenær? 23.00
Hvar? Græni hatturinn, Akureyri
Rokktríóíð hefur haft hægt um sig síðustu misseri. En djúpt undir eggsléttu yfirborðinu hefur naglbíturinn verið brýndur og hvattur og er nú orðinn hvass. 200.000 naglbítar sendu fyrir stuttu frá sér nýtt lag og ný plata er í vinnslu sem verður gefin út í haust, barmafull af hágæða melódísku rokki. Á Græna hattinum ætla strákarnir að spila nýtt efni og áður óflutt sem og sígilda Naglbítaslagara og lofa að ekkert verður gefið eftir og allt skilið eftir á sviðinu.

Viðburðir

Hvað? Hæglætishátið í Havarí
Hvenær? 12.00
Hvar? Havarí, Berufirði



Leikhúspærlur verða í aðalhlutverki á tónleikum í Gljúfrasteini á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Allt að gerast í Havarí um versló – í dag og kvöld er það Jónas Sig, Prins Póló, Borko og Benni Hemm Hemm sem taka hæglætishátiðlega og flytja tólf klukkustunda tónleika til einkaða hafinu.

Prins Póló stendur fyrir Hæglætishátið í Berufirði um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mánudagur

7. ÁGÚST 2017

Tónlist

Hvað? Mánudjass
Hvenær? 21.00
Hvar? Húrra, Naustunum
Mánudjassinn er á sínum stað fyrir fárveika verslunarmannahelgarmannara jafnt sem okkur hin.

LAUGARÁS BÍÓ *midi.is*

Ódýrt í bíó

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

THE DARK TOWER SÝND KL. 2

VALERIAN SÝND KL. 2

ÍSLENSKT TAL SÝND KL. 2 SÝND Í 2D

SAMBÍÓINN SAMbio.is

STORKURINN RIKKI

DESPICABLE ME 3

BÍLAR 3

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA KR. 1250 Á GRÆNT OG KR. 950 Á APPELSÍNUGULT

Lagrænn, lýrískur og með sterka frásagnareiginleika

Jazzhátíð Reykjavíkur hefst á miðvikudaginn og Sunna Gunnlaugsdóttir, annar skipuleggjenda hátíðarinnar, segir að þar verði mikið um skemmtilegheit allt frá upphafsgöngunni til lokatónleikanna.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Þetta sprakk út þegar aðsetrið varð alfarið í Hörpu en það var síðasta árið sem Pétur Grétarsson sá um hátíðina,“ segir Sunna Gunnlaugsdóttir, sem ásamt Leifi Gunnarssyni sér um Jazzhátíð Reykjavíkur sem hefst á miðvikudaginn í næstu viku og stendur fram til sunnudags, en þetta er í þriðja skiptið sem þau eru saman með þetta skemmtilega verkefni. „Þessi breyting sem Pétur stóð fyrir vakti mikla lukku, ekki síst vegna þess að það skapast svo skemmtileg stemning þegar allir viðburðirnir eru á sama stað, því þá er fólk að mætast og spjalla um allt það skemmtilega sem það er að upplifa á hátíðinni.“

Sunna segir að fjörið byrji á miðvikudaginn með hinna gríðarlega vinsælu og skemmtilegu djassgöngu. „Við höfum reyndar þurft að flytja gönguna inn síðustu tvö ár vegna slæmrar veðurspár en núna erum við búin að senda veðurguðunum gott súkkulaði og vonum að það dugi til þess að við getum verið úti. Gangan fer af stað klukkan fimm frá Lucky Records með Samúel Jón Samúelsson í broddi fylkingar niður Laugavegin, beygir svo við Ingólfsstræti og fer yfir Arnarhólinn niður að Hörpu. Annars er aldrei að vita með þessa djassista í hvaða átt þeir fara og það er það sem er svo skemmtilegt við þetta,“ segir Sunna létt í bragði og bætir við að það sé meðbyr með djassi á Íslandi og gróskan mikil. „Það er líka mikill áhugi erlendis frá á íslenskum

djassi og við Leifur finnum líka fyrir miklum áhuga erlendra gesta á því að koma og spila á Jazzhátíð Reykjavíkur.“

Sunna bendir á að það sé líka talsvert um samstarfsverkefni íslenskra og erlendra djasstónlistarmanna. „Það er mjög skemmtilegt, skapar fleiri tækifæri fyrir alla og býr til meiri breidd í tónlistina. Hátíðin hefur lengi verið vettvangur alþjóðlegra samstarfsverkefna og í ár eru á meðal samstarfsaðila íslenskra listamanna tónlistarmenn frá Þýskalandi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Sviss, Bandaríkjunum, Túnis, Kósóvó og Ísrael. Þar má nefna Ara Braga Kárasón með alþjóðlega kvartettinn sinn Melismetiq, Sölvi Kolbeinsson mætir með ferska spilara frá Berlín, Sigurður Flosason teflir fram einu albasta píanótríói Svía, Sigmar Þór Matthiásson býður til sín spilurum frá Túnis og Kósóvó og Björn Thoroddsen fær til sín sænska rafbassaleikarann Mikael Berglund. Þannig að innan þessa samstarfs hluta er mjög margt spennandi að gerast.“

Sunna segir að það sé eitt af því skemmtilegasta við djassinn hvernig tónlistarmennirnir í svona verkefnum koma með sitt að borðinu en hvað er þá íslenskt í þessu samhengi? „Almennt séð erum við með mjög lagrænan djass, mikla lýrsku undirliggjandi og síðast en ekki síst sterka frásagnareiginleika í tónlistinni. Ég held að þetta megi rekja til allrar okkar sterku sagnahefðar og hvað það er mikið sungið í leikskólum og skólum. Enda les maður oft í dómum um íslenskan og norrænan djass að þetta séu sterk einkenni; þessi laglína, ákveðin melankólía og svo söguþráður.“



Sunna að kíkja á djassinn í Lucky Records, þaðan sem djassgangan fer á miðvikudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/LAUFÉY



Fred Hersch mætir með sitt margrómaða tríó á Jazzhátíð Reykjavíkur.

ÉG HELD AÐ ÞETTA MEGI REKJA TIL ALLRAR OKKAR STERKU SAGNAHEFÐAR OG HVAD ÞAD ER MIKIÐ SUNGIÐ Í LEIKSKÓLUM OG SKÓLUM.

Sunna segir að ein allra skærasta stjarna hátíðarinnar í ár sé bandaríski pianistinn Fred Hersch ásamt tríói sínu skipuðu John Hebert á kontrabassa og Eric McPherson á trommur. „Þeir verða í Norðurljósa-sal á laugardagskvöldið og Hersch er risastjarna, ég held að ég muni rétt að hann hafi fengið tíu Grammy verðlaun á sínum ferli. Hersch er

einn af þeim tónlistarmönnum sem hafa alltaf verið að kanna landamæri djassins en eru samt alltaf með rætur mjög djúpt í hefðinni og hann spilar mikið af standörðum með sínu dásamlega tríói. Þetta verða tónleikar sem enginn má missa ef en að auki þá verður Hersch í listamannaspjalli á laugardeginum þar sem hann talar meðal annars um reynslu sína af því að vera samkynhneigður og HIV-smitaður tónlistarmaður. Það má benda á að það kostar ekkert inn á listamannaspjallið sem verður mjög forvitnilegt.“

Sunna segir að vissulega sé margt fleira spennandi sem mætti segja frá sem er á dagskrá hátíðarinnar en vill að lokum benda á að fyrir áhugasama er hagkvæmast að tryggja sér hátíðarpassa. „Þá getur maður séð og heyrt allt sem þar fer fram auk þess sem það tryggir sæti á besta stað í Eldborg á laugardeginum en þar verða númeruð sæti. Svo er líka hægt að fá dagpassa sem gildir í einn dag í senn og að auki eru líka ókeypis viðburðir sem fólk getur kynnt sér nánar á heimasíðunni okkar,“ segir Sunna að lokum og bætir við að tilhlökkunin sé orðin mikil svo ekki sé meira sagt.

Ég fékk bókstaflega gæsa húð um mig alla

Það er ekki á hverjum degi sem gefst tækifæri til þess að sjá einhverja snjöllustu leik konu samtímans takast á við eitt magnaðasta kvenhlutverk leikbókmennta síðustu aldar. En með beinum útsendingum frá The National Theater í London yfir í Bíó Paradís við Hverfisgötu er það hins vegar raunin. Í kvöld og annað kvöld, sem og um næstu helgi, verða beinar útsendingar í Bíó Paradís frá magnaðri uppfærslu breska þjóðleikhússins á *Who's Afraid of Virginia Woolf?* eftir leikskáldið Edward Albee.

Ása Baldursdóttir hjá Bíó Paradís segir að þau séu komin í formlegt samstarf við breska þjóðleikhúsið um samstarf um aðgang að beinum útsendingum frá leikhúsinu. „Þetta er rosalega skemmtilegt, að vera komin með þetta frábæra leikhús í bíó herna heima á Íslandi og sýning-

in er algjörlega frábær. Imelda Staunton sem er þarna í aðalhlutverki hefur fengið frábæra dóma, þetta þykir vera mikill leiksigur. Staunton hefur vissulega leikið í fjölmörgum uppfærslum hjá þessu húsi og í fjölda kvik- og sjónvarpsmynda en það er gaman að því að yngra fólkið þekkir hana úr Harry Potter en aðrir kannski úr öðru eins og Vera Drake og fleiru. Þetta er alvöru stjarna.

Það eru líka fleiri finir leikarar þarna eins og til dæmis Conleth Hill sem margir þekkja úr *Game of Thrones* og svo eru hlutverk ungu hjónanna í höndum Lukes Treadaway og Imogen Poots en þau eru bæði rísandi stjörnur í bresku leikhúsi og kvikmyndum.“

Ása segir að hún hafi fengið að sjá smá prufu af útsendingunni í vikunni. „Ég fékk bókstaflega gæsa húð um mig alla – þetta er algjörlega



Ása Baldursdóttir, dagskrárstjóri hjá Bíó Paradís

frábær sýning og einstök reynsla að sjá þessa leikara brillera í þessum hlutverkum. Ég þekki þetta verk algjörlega en frammistaða Imeldu Staunton þarna á sviðinu er með slíkum ólíkindum að það gleymist allt og manni finnst maður aldrei hafa séð þetta áður.

Það er því einstakt tækifæri falið í því fyrir íslenska leikhús-, kvikmyndaáhugamenn og -konur að koma í Bíó Paradís í kvöld eða annað kvöld klukkan átta. Þeir sem eru ekki í bænum þurfa heldur ekki að örvænta því við endurtökum leikinn næstu helgi.“ magnus@frettabladid.is



Imelda Staunton í hlutverki sínu í *Who's Afraid of Virginia Woolf?*

Opnaði Fjallkonuna kasólétt og ógift 1905

Einleikjahátíðin Act alone verður haldin í 14. sinn dagana 10. til 12. ágúst á Suðureyri og dagskráin er venju fremur vegleg, 18 viðburðir og frítt á alla. Hera Fjord fer fyrst á svið með eigið verk, Fjallkonuna.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Ég hef verið að skrifa þetta leikrit í tvö ár, nú er ég loksins orðin ánægð með það,“ segir leikkonan og leikstjórinn Hera Fjord sem frumflytur verkið Fjallkonuna í upphafi Act alone einleikjahátíðarinnar á Suðureyri á fimmtudaginn, 10. ágúst. „Þetta er einleikur og fjallar um langalangömmu mína, Kristínu Dahlstedt, ég leik bæði hana og sjálfa mig. Sýningin er samtal okkar á milli, ég er að kynna henni og hennar lífi og um leið að reyna að finna út hvað ég hafi fengið frá henni og hvort áskoranir sem hún var að glíma við séu eitthvað í ætt við mínar. Þannig brúa ég kynslóðabilið svo fólk á öllum aldri finni samhljóm.“

